


2024 – 2025

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði



Grunnskólinn á Ísafirði

Grunnskólinn á Ísafirði

Austurvegur 6

400 Ísafjörður

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ÝMSAR UPPLÝSINGAR	4
STJÓRNENDUR GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2024-2025.....	4
NEFNDIR, RÁÐ OG TEYMI 2024-2025.....	4
STJÓRNENDUR OG STARFSFÓLK GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2024-2025	6
NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 2024-2024	8
SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA	8
SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA 1.- 7. BEKKJA	9
1.BEKKUR	9
2. BEKKUR.....	112
3.BEKKUR	14
4.BEKKUR	16
5.BEKKUR	19
6.BEKKUR	21
7.BEKKUR	23
SKÝRSLUR 8. – 10. BEKKJA	27
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA UNGLINGASTIGS.....	27
8. BEKKUR.....	28
9.BEKKUR	31
10. BEKKUR.....	34
STOÐÞJÓNUSTA	36
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA STOÐÞJÓNUSTU	36
SKÝRSLUR SÉRKENNARA	39
SKÝRSLUR ÞROSKAÞJÁLFA	43
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF.....	43
SÉRGREINAR	44
HEIMILISFRÆÐI	44
ÍÞRÓTTIR.....	46
HÖNNUN OG SMÍÐI.....	47
TEXTÍLMENNT	50
MYNDMENNT.....	51
DANS.....	52
ÝMSAR VALGREINAR.....	53
FAGTEYMI KENNARA	55
ÍSLENSKUTEYMI	55
ÁRSHÁTÍÐ OG ÞEMADAGAR	56
SJÁLFBÆRNI	57
BYRJENDALÆSISTEYMI	58
LEIDSAGNARNÁMSTEYMI	59
INNRA MATSTEYMI.....	59
STÆRÐFRÆÐITEYMI.....	59
ÝMSAR SKÝRSLUR	60
BÓKASAFN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	60
SKÓLARÁÐ	61
SAMSTARF GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI OG LEIKSKÓLANS TANGA.....	61

STARFSMANNASAMTÖL	61
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA	61
SKRIFSTOFA GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	61
SAMVINNA OG TENGLI VIÐ AÐILA UTAN SKÓLANS.....	62

Inngangur

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði (GÍ) kemur nú út í 22. skiptið. Sumarið 2004 var fyrstu skýrslu um skólalagd GÍ skilað til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og fræðslunefndar. Tilgangurinn með ritun hennar er að halda til haga helstu upplýsingum um starfsemi nýliðins skólaárs. Henni er nú dreift til stjórnar foreldrafélagsins, Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, fræðslunefndar og bókasafns skólans. Skýrslan liggur frammi á kaffistofu starfsfólks GÍ og er vistuð á vefsíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>

Skýrslan er sett saman með það í huga að gefa og varðveita upplýsingar um allt það góða og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á þessu skólaári í Grunnskólanum á Ísafirði. Skólaárið var viðburðarríkt og einkenndist sem fyrr af gróskumiklu starfi. Í ársskýrslunni má meðal annars finna samantekt um starf umsjónarkennara, sérgreinakennara og annars starfsfólks með nemendum á skólaárinu.

Skólastarfið í vetur var fjölbreytt og skemmtilegt. Að venju hófst haustið á fjallgöngunum árganga, veðrið var eitthvað að stríða okkur þá eins og nú og þurfti að fresta nokkrum ferðum og þar á meðal Hornstrandaferð 10. bekkjar. Skólinn er aðildarskóli Erasmus+ sem gefur okkur færi á Evrópusamstarfi. Eitt verkefni er í gangi núna með skólum í Þýskalandi og Portúgal. Hópur frá skólanum heimsótti Portúgal í október og núna í lok apríl fengum við gesti til okkar frá Þýskalandi.

Í nóvember voru þemadagar, þetta árið var áherslan á listir og sköpun og var sett upp sýning í skólanum fyrir aðstandendur á afrakstri þemadaganna og við komum saman í anddyrinu og sungum tvö lög sem höfðu verið æfð á stöðvunum.

Skólinn samþykkti að taka þátt í undirbúningi á innleiðingu Matsferils sem er stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir 4.-10. bekk. Allir nemendur tóku prófið í mars og til stóð að niðurstöður kæmu um miðjan mars en við bíðum enn eftir þeim. Við getum þó notað þær næsta haust til að vinna með þá þætti sem ekki komu nógu vel út.

Vordagarnir okkar hafa einnig verið fjölbreyttir, nokkur hefð er komin á það hvað árgangar gera 8. bekkur heimsækir Hrafseyri og fræðist um Jón Sigurðsson, 9. Bekkur fer í Haukadalinn á slóðir Gísla Súrssonar og 10. bekkur fer í Skagafjörðinn að leika sér í ferð sem foreldrar skipuleggja.

Með þessari upptalningu eru aðeins stiklað á stóru og ljóst að skólaárið var farsælt, öflugt og ánægjulegt í marga staði. Skólaárinu lauk svo með hátíðlegri athöfn í Ísafjarðarkirkju þar sem skólanum var slitið í 150. sinn miðvikudaginn 4.júní og nemendur í 10. bekk útskrifaðir.

Guðbjörg Halla Magnadóttir, skólastjóri

Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Grunnskólans á Ísafirði 2024-2025

Skólastjóri	Guðbjörg Halla Magnadóttir
Aðstoðarskólastjóri	Guðný Stefanía Stefánsdóttir
Deildarstjóri stoðþjónustu	Arna Björk Sæmundsdóttir
Deildarstjóri unglingastigs	Jón Hálfván Pétursson
Náms- og starfsráðgjafi	Inga Bára Þórðardóttir
Húsvörður	Ralf Trylla

Nefndir, ráð og teymi 2024-2025

Vefsíða skólans og samf.miðlar Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Fulltrúar í skólaráði
Guðlaug Jónsdóttir
Jóhanna Ása Einarsdóttir
Guðbjörg Halla Magnadóttir
Ralf Trylla
Dýri Hjörleifsson, fulltrúi nemenda
Guðmundur Arnór Shiransson, fulltrúi nemenda
Þórunn Sigurbjörg Berg, fulltrúi foreldra
Inga María Guðmundsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Nemendaverndarráð
Guðbjörg Halla Magnadóttir, skólastjóri
Guðný Stefanía Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Jón Hálfván Pétursson, deildarstjóri unglingastigs
Arna Björk Sæmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu
Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi
Þór Pétursson, skólahjúkrunarfræðingur
Dagný Sif Snæbjarnardóttir, fulltrúi frá velferðarsviði
Guðrún Birgisdóttir, fulltrúi frá skóla- og tómstundasviði

Skólahjúkrunarfræðingar Þór Pétursson

Eineltisvarnarteymi
Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi
Guðbjörg Halla Magnadóttir, skólastjóri
Guðný Stefanía Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Arna Björk Sæmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu
Ástrún Jakobsdóttir, kennari

Áfallaráð
Guðbjörg Halla Magnadóttir, skólastjóri
Guðný Stefanía Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi
Þór Pétursson, skólahjúkrunarfræðingur
Magnús Erlingsson, sóknarprestur

Trúnarðarmaður kennara Árný Herbertsdóttir

Trúnaðarmaður Kjalar	Ólöf Anna Benediktsdóttir
Öryggistrúnaðarmenn	Eiríkur Gísli Johansson Guðný Stefanía Stefánsdóttir Ralf Trylla, öryggisstjóri
Stjórn starfsmannafélags	Salka Gústafsdóttir, formaður Elva Jóhannsdóttir, gjaldkeri Elín Sveinsdóttir, ritari Alma Björk Sigurðardóttir, meðstjórnandi, Arna Sæmundsdóttir, meðstjórnandi Jón Ólafur Eiríksson, meðstjórnandi Kristrún Halla Gylfadóttir, meðstjórnandi Solveig Edda Vilhjálmisdóttir, meðstjórnandi Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Heimir Hreinsson skoðunarmenn reikninga
Innra mat	Guðný Stefanía Stefánsdóttir Inga Bára Þórðardóttir Sara Rós Sigurðardóttir Salka Gústafsdóttir
Sjálfbærni/sköpun	Guðlaug Jónsdóttir Íris Ösp Heiðrúnardóttir Kjartan Ágúst Pálsson Solveig Edda Vilhjálmisdóttir Jón Heimir Hreinsson Sóley Veturliðadóttir
Stærðfræði	Jón Ólafur Eiríksson Jón Hálfván Pétursson Berglind Árnadóttir Sigþór Snorrason Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Íslenska	Guðlaugur Viðar Valdimarsson María Lárusdóttir Magnúsína Laufey Harðardóttir Auður Yngvadóttir Salóme Elín Ingólfssdóttir Bergþóra Sveinsdóttir Guðrún Ósk Ásmundsdóttir
Uppbyggingarstefnan	Esther Ósk Arnórsdóttir Árni Heiðar Ívarsson Iwona Maria Samson Jóhanna Ása Einarssdóttir Katrín Björnsdóttir Jelena Una Jóhannsson

Leiðsagnarnám

Arna Björk Sæmundsdóttir
 Árný H. Herbertsdóttir
 Axel Sveinsson
 Álfdís Hrefna Þorleifsdóttir
 Krístrún Halla Gylfadóttir
 Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir

Byrjendalæsi

Marzena Glodkowska
 Helga E. Aðalsteinsdóttir
 Kristín Svanhildur Ólafsdóttir
 Ástrún Jakobsdóttir
 Inga Fanney Pedersen
 Kristín Berglind Oddsdóttir

Þemadagar/árshátíð

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir
 Elín Sveinsdóttir
 Lillý Viðarsdóttir
 Sigríður Guðjónsdóttir
 Birgitta Rós Björnsdóttir

Stjórnendur og starfsfólk Grunnskólans á Ísafirði 2024-2025

Við skólann störfuðu 82 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum. Skólastjóri þetta skólaár var Guðbjörg Halla Magnadóttir og aðstoðarskólastjóri Guðný Stefanía Stefánsdóttir.

Alma Björk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Anabel Colina Sainz De La Maza	Skólaliði
Angelica Orobio Rodriguez	Skólaliði
Anwar A. Okab Al Sadoon	Skólaliði
Arna Björk Sæmundsdóttir	Grunnskólakennari
Auður Yngvadóttir	Grunnskólakennari
Axel Sveinsson	Grunnskólakennari
Álfdís Hrefna Þorleifsdóttir	Grunnskólakennari
Álfheiður Elín Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Árni Heiðar Ívarsson	Grunnskólakennari
Árný Hallfríður Herbertsdóttir	Grunnskólakennari
Ástrún Jakobsdóttir	Grunnskólakennari
Baldur Freyr Gylfason	Stuðningsfulltrúi
Berglind Árnadóttir	Sérkennari
Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Bergþóra Sveinsdóttir	Leiðbeinandi
Birgitta Rós Björnsdóttir	Þroskaþjálfari
Chisa Joy Ohiri	Skólaliði
Dorota Kozłowska	Skólaliði
Dorota Maria Krawczyk	Skólaliði
Eiríkur Gísli Johansson	Matráður
Elín Sveinsdóttir	Grunnskólakennari
Elísabet Una Jónsdóttir	Aðstoðarmatráður
Elva Jóhanna Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Esther Ósk Arnórsdóttir	Leiðbeinandi
Guðbjörg Ásta Andradóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðbjörg Halla Magnadóttir	Skólastjóri
Guðlaug Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Guðlaugur Viðar Valdimarsson	Grunnskólakennari
Guðmundur Grétar Friðriksson	Stuðningsfulltrúi
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Guðrún Ósk Ásmundsdóttir	Grunnskólakennari
Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir	Grunnskólakennari
Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir	Grunnskólakennari
Inga Bára Þórðardóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Inga Fanney Pedersen	Grunnskólakennari
Iwona Maria Samson	Sérkennari
Íris Ösp Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi
Jelena Una Jóhannsson	Leiðbeinandi
Jóhanna Ása Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Jón Hálfván Pétursson	Deildarstjóri unglingsstígs
Jón Heimir Hreinsson	Grunnskólakennari
Jón Ólafur Eiríksson	Leiðbeinandi
Jóna Björk Brynjarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Jónsís Sigurrós Einarsdóttir	Bókavörður
Katrín Björnsdóttir	Grunnskólakennari
Katrín Sif Kristbjörnsdóttir	Leiðbeinandi
Kári Eypórsson	Stuðningsfulltrúi
Kolbrún Guðjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir	Leiðbeinandi
Kristín Berglind Oddsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Svanhildur Ólafsdóttir	Sérkennari
Kristrún Halla Gylfadóttir	Leiðbeinandi
Lillý Viðarsdóttir	Grunnskólakennari
Linda Kristín Grétarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Magnúsína L Harðardóttir	Sérkennari
Maja Weronika Smoter	Stuðningsfulltrúi
Marcel Stanislaw Knop	Stuðningsfulltrúi
María Friðgerður Lárusdóttir	Grunnskólakennari
Marzena Glodkowska	Grunnskólakennari
Ólöf Anna Benediksdóttir	Skólaritari
Qamar Firas Sultan Alsadoon	Stuðningsfulltrúi
Ralf Trylla	Húsvörður
Rannveig Halldórsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Salka Gústafsdóttir	Grunnskólakennari
Salóme Elín Ingólfssdóttir	Grunnskólakennari
Sara Rós Sigurðardóttir	Grunnskólakennari
Sigríður Guðjónsdóttir	Grunnskólakennari
Sigríður Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigríður Ýr Svanbergsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigrún Waltersdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir	Danskennari
Sigþór Snorrason	Leiðbeinandi
Soffía Ásrún Ingimarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Solveig Edda Söebeck Vilhjálmsd.	Grunnskólakennari
Sóley Veturliðadóttir	Þroskaþjálfari
Sveinfríður Unnur Halldórsdóttir	Aðstoðarmaður í eldhúsi
Teresa Maria Richter	Aðstoðarmaður í eldhúsi
Victoria Rose Germeno De Vera	Stuðningsfulltrúi
Viktoria Anna Reimarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Pór Pétursson	Skólahjúkrunarfræðingur
Póra Steinunn Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Nemendafjöldi skólaárið 2024-2025

Nemendur í lok skólaársins voru 401 nemandi og var því fjölgun á milli ára um 7 nemendur.

Bekkir	Fjöldi	Umsjónarkennari
1.ÁJ	15	Ástrún Jakobsdóttir
1.IF	16	Inga Fanney Pedersen
1.KO	14	Kristín Berglind Oddsdóttir
2.HA	19	Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir
2.MG	19	Marzena Glodkowska
3.ÁH	20	Árný Herbertsdóttir
3.ES	21	Katrín Björnsdóttir Elín Sveinsdóttir
4.EA	15	Esther Ósk Arnórsdóttir
4.KS	16	Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir
4.SS	15	Sigþór Snorrason
5.KK	27	Katrín Björnsdóttir og Krístrún Halla Gylfadóttir
6.AS	29	Auður Yngvadóttir og Salka Gústafsdóttir
7.AS	23	Axel Sveinsson/Álfdís Hrefna Þorleifsdóttir
7.JE	25	Jón Ólafur Eiríksson
8.KS	48	Sara Rós Sigurðardóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
9.BJ	44	Bergþóra Sveinsd./Guðrún Ósk Ásmundsd. og Jón Hálfán Pétursson
10.SÁ	35	Salóme Elín Ingólfsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Samstarf heimilis og skóla

Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar hefur það að leiðarljósi að skólastarf sé samvinnuverkefni nemenda foreldra og starfsfólks skólanna. Grunnskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Gefin er út skólahandbók á hverju hausti og birt á heimasíðu skólans. Heimasíða skólans og samfélagsmiðlarnir Instagram og Facebook, er allt uppfært reglulega og allar upplýsingar og fréttir er varða skólastarfið birtast þar, allt framangreint fer á vefsíðuna, en valdar fréttir og innsýn í starfið er birt á samfélagsmiðlunum. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum um börn sín á Mentor, bæði vefsíðunni og smáforritinu. Heimanám er í boði fyrir alla nemendur skólans, fast yfir árið eða tilfallandi, en foreldrar þurfa að óska eftir því. Er þetta kynnt foreldrum á haustfundum fyrir foreldra hvers bekkis eða árgangs, sem umsjónarkennarar sjá um. Nemendur og foreldrar 1.bekkjara mæta saman í viðtal hjá umsjónarkennara í byrjun haustanna.

Í stjórn foreldrafélags skólans eru: Þórunn Sigurbjörg Berg formaður, Sædís María Jónatansdóttir gjaldkeri, Fanney Pálsdóttir ritari, Elín Hólm meðstjórnandi, Vaida Brazianaité meðstjórnandi.

Skýrslur umsjónarkennara 1.- 7. bekkja


1.bekkur

Nemendur árgangsins voru 45 talsins. Nemendur skiptust þannig að í 1.ÁJ voru 15 nemendur, í 1.IF voru 16 nemendur og í 1. KO voru 14 nemendur. Umsjónarkennarar voru Ástrún Jakobsdóttir, Inga Fanney Pedersen og Kristín Oddsdóttir. Umsjónarstofur bekkjana voru 101, 102 og 104. Kristín Svanhildur Ólafsdóttir sinnti sérkennslu en vegna veikinda var ekki starfandi þroskaþjálfari við skólann í vetur. Sigríður Guðjónsdóttir, Lillý Viðarsdóttir og Árni Heiðar Ívarsson kenndu íþróttir og sund. Lillý Viðarsdóttir kenndi útivist í 1.IF útivist. Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans og heimilisfræði, Linda Kristín Grétarsdóttir kenndi hönnun og smíði, Ástrún Jakobsdóttir kenndi myndmennt og Kristín Oddsdóttir textílmennt. Nokkuð rót var á stuðningsfulltrúum í vetur en lengst af voru Soffía Ásrún Ingimarsdóttir og Qamar Alsadoon stuðningsfulltrúar í 1. JÁ, Ásta Guðbjörg Andradóttir stuðningsfulltrúi í 1.IF og Sigríður Ýr Svanbergisdóttir og Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir stuðningsfulltrúar í 1.KO.

Við tókum þátt í verkefninu Syngjandi skóli undir stjórn Ástu Kristín Pjetursdóttir frá Tónlistarskóla Ísafjarðar hluta af vetri.

Bekkjunum var að mestu leyti kennt í bekkjarstofum.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), upplýsingatækni 1 stund, dans 1 stund, útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 4 stundir, hönnun og smíði 4 stundir, textílmennt 4 stundir og myndmennt 4 stundir.



Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinna um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Íslenska

Í 1. bekk var aðal áherslan í íslenskukennslu á bókstafi og lestur. Vinnan í lestrarkennslunni var mjög fjölbreytt og voru tveir bókstafir lagðir inn í hverri viku. Nemendur fengu að spreyta sig á mörgum og ólíkum verkefnum sem áttu að stuðla að færni og skilningi þegar kom að lestri og að hafa ánægju af því að lesa. Áhersla á heimalestur var mikil og unnu nemendur einnig hljóðsögu heima í tengslum við stafi vikunnar. Byrjendalæsisvinnan í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði var samþætt og unnið í þemaverkefnum.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffæri og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar, bæði frjálst og eftir forskrift í tengslum við stafi vikunnar, frjáls ritun auk fjölda annarra skriftarverkefna.

Stærðfræði

Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar voru áhersluatriðin í 1. bekk. Áhersla var lögð á að nemendur ynnu með og þekktu tölur frá 0 og upp í 20, plús, mínus, talnaröð, talnalestur, talnalínu og talnaskilning o.fl.

Nemendur fengu einnig þjálfun í að ræða og rökstyðja svör sín og niðurstöður. Hlutbundinni vinnu var gert nokkuð hátt undir höfði og notuðu nemendur m.a. kubba, talnagrindur og teikningar þegar unnið var að úrlausnum.

Samfélags- og náttúrufræði

Í skólabyrjun var nemendum kynnt nánasta umhverfi skólans og reglur í skólasamfélaginu. Mikilvægi fjölskyldu og mismunandi fjölskyldumynsturs, vina og skólafélaga var einnig tekið fyrir og það að tilheyra hópi og hvernig maður ber sig að í hóp. Í tengslum við þetta var farið í gönguferðir um skólann og nánasta umhverfi hans. Farið var í fjallgöngu upp í Stóruvík. Við fórum mikið um nærumhverfi skólans, m.a. í fjöruna, Jónsgarð og Neðsta Kaupstað.

Hefð er fyrir því að fara í heimsókn í fiskvinnsluna Íslandssögu og Klofning á Suðureyri í tengslum við fiskapema í Byrjendalæsi.

Lífsleikni

Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu voru unnin. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Kynnt voru fyrir nemendum áhersluatriðin í Uppbyggingarstefnunni og bekkjarsáttmáli gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara. Unnið var mest með þarfir hvers og eins og mikilvægi þess að virða mörk annarra. Lögð var mikil áhersla á litahegðun, sem er verkfæri sem er styður við jákvæðan samskipti og bekkjarbrag, öryggi og vellíðan í skólanum.

Tónmennt

Nemendur lærðu og æfðu ákveðin lög ýmist með umsjónarkennara eða tónmenntakennara og fóru svo þrisvar í heimsókn í Hamra þar sem sungu lögin og fleiri til.

Myndmennt, textílmenn, heimilisfræði og hönnun og smíði

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist

Farið var í útivist einu sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og hreyfingu.

Sund

Hver bekkur fór einu sinni í viku í sund. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá ásamt því að efla öryggi nemenda í vatni.

Íþróttir

Nemendur voru í útiþróttum í ágúst, september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Inni í íþróttahúsinu voru kenndar ýmskonar hreyfifærni- og boltaæfingar og farið í hlaupaleiki og boltaleiki.

Dans

Hver bekkur fór einu sinni í viku í dans. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspor í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, tvo latin dansa, línudans, leik- og tiskudansa. Farið var í hlustun á takt í tónlist.

Námsgögn

Íslenska: Ýmsir gæðatextar úr barnabókum var lagður til grundvallar í lestrarnáminu. Líttlestrarbækur af Skólavef og ýmsar lestrarbækur við hæfi nemenda. Ýmis fjölbreytt verkefni búin til af kennurum í anda Byrjendalæsis.

Unnið var með bókina Lestrarland, Skrift 1a og ljósrituðu hefti útbúin af kennurum. Mest voru notuð þemaverkefni frá kennurum sem voru samþætt við samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni. Stærðfræði: Sproti 1a,1b ásamt æfingabókum og fyrstu kaflarnir í 2a nemenda- og æfingabók. Aukaefni: Stærðfræðispæjarar 1 og ljósrituð hefti útbúin af kennurum.

Námsmat

Íslenska: Lesferill- lestrarskimun fyrir 1. bekk grunnskóla sem Menntamálastofnun gefur út í október og niðurstöður hennar notaðar til að skipuleggja stuðningskennslu fyrir þá sem þurftu. Í september, janúar og maí var lögð fyrir lesfímiskimun frá Menntamálastofnun. Við mat á lesfímiprófum var stuðst við viðmið um lesfími frá MMS. Aðra þætti í Byrjendalæsi var metið með símati. Lesskilningspróf var í maí. Allt námsmat var unnið eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms.

Stærðfræði: Nemendur tóku reglulegar lotukannanir yfir veturinn. Allt námsmat var unnið eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var vinna nemenda metin með símati og var unnið eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms.

Viðburðir og vettvangsferðir

- Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, 22. ágúst, 1. október og 5. febrúar.
- 4. september var farið í fjallgöngu í Stóruð.
- Haustfundur með foreldrum var 11. september.
- Nemendur tóku þátt í Ólympíhlaupinu 18. september.
- Þemadagar voru 6. og 7. nóvember og þemað var List.
- 1. desember var opið hús hér í skólanum og foreldrum boðið í heimsókn í kennslustundir.
- Haldið var upp á Litlu jólin hér í skólanum 20. desember
- Á bolludag 3. febrúar var maskaball og þá mættu ýmsar furðuverur í skólann.
- Árshátíð skólans var haldin dagana 26. og 27. mars.
- 7. apríl tóku nemendur þátt í sækrislaverkefni sem var hluti af barnamenningarhátíðinni Púkinn.
- 1. bekkur fór í heimsókn í Íslandssögu á Suðureyri 14. maí.
- 19. maí lok gáfu Kiwanismenn nemendum reiðhjólahljálma að gjöf.
- Haldin var leikjadagur fyrir 1. – 4. bekk 30. maí.
- Við fórum mikið út undir lok skólaársins og undum okkur vel við leik og störf.
- Afhending vitnisburðar og foreldraviðtöl voru svo þann 5. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 1. bekk var lærdómsríkt og samstarf umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa veigamikilið í þeim árangri sem náðist.

Ástrún Jakobsdóttir, Inga Fanney Pedersen og Kristín Oddsdóttir

2. bekkur

Nemendur árgangsins voru 38. Umsjónarkennarar voru Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir og Marzena Glodkowska, Kristín Svanhildur Ólafsdóttir sá um sérkennslu. Aðrir kennarar voru: Sigríður Guðjónsdóttir sund, Árni Heiðar Ívarsson íþróttir og útivist í 2. HA, Lillý Viðarsdóttir íþróttir í 2. MG.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans og heimilisfræði. Linda Kristín Grétarsdóttir kenndi tæknimennt.

Það var mikið um forföll og manna breytingar hjá stuðningsfulltrúum á haust önn en eftir áramót voru Victoria Rose Germono De Vera og Guðmundur Grétar Friðriksson í 2. HA og Baldur Freyr Gylfason í 2.MG. Kennt var í stofum 102 og 103.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 kennslustund og dans 1 stund. Heimilisfræði, textílmennnt, myndmennt og tæknimennt var kennd í 4 kennslustundir í viku og hvert fag ¼ af vetri. Nemendum árgangsins skipt í fjóra hópa.

Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er kennsla í íslensku, náttúrufræði, upplýsingatækni, samfélagsfræði- og lífsleikni samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Einnig var kennt samkvæmt kennsluhugmyndum leiðsagnanáms.



Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 2A og 2B nemendabók og æfingahefti, Húrrahefti, ljósrituð vinnuhefti. Sproti (Multi) á vefnum og Stærðfræði spæjarar 2.

Námsmat: Kannanir eftir hvern námsþátt og símat.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur, ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftabækur Skrift 1a og 1b og ýmsar vinnubækur.

Vinnubækur. Ritrún 1 og 2, Litla Lesrún og verkefni frá kennurum.

Námstilhögun: Unnið var samkvæmt Byrjendalæsi þar sem íslenska, lífsleikni, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Kennarar unnu auk þess æfingaverkefni með áherslu á skrift, lestur, lesskilning og stafsetningu.

Mikil áhersla var á lesturinn og nemendur látnir lesa fyrir kennara og stuðningsfulltrúa eins oft og kostur var auk þess var reynt að bjóða daglega upp á yndislestur.

Námsmat: Símat var yfir skólaárið, ýmis verkefni og vinnubækur metnar og skriftin út frá þeim. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir, í september, janúar og í maí. Læsismarkmið að vori voru 40 (lágmark) lesin orð á mínútu. Í hverjum mánuði var lögð fyrir lesskilningskönnun og í maí var lesskilningspróf. Á vorönn voru gefnar einkunnir fyrir veturinn.

Náttúrufræði og samfélagsfræði

Námsgögn: Halló heimur 1, Könguló og ýmis verkefni tengd Byrjendalæsisbókum.

Námstilhögun: Samþætt Byrjendalæsi.

Námsmat: Símat, einkunn samþætt íslensku.

Upplýsingatækni

Námstilhögun: I-pad í bekkjarstofum. Nemendur notuðu öpp sem þjálfar íslensku, stærðfræði og náttúrufræði.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Tónmennt

Hluta vetrar tókum við þátt í verkefninu Syngjandi skóli í samvinnu við tónlistarskólann. Nemendur lærðu ýmis sönglög, tónfræði og þjálfuðust í að syngja saman. Í mars var æft söngleikur sem fluttur var á Árshátíð GÍ.

List- og verkgreinar

Árganginum var skipt í 4 hópa í hringekju. Í hringekjunni var kennt textílmenn, heimilisfræði, myndmennt og tæknimennt og hver hópur fékk 4 stundir í viku $\frac{1}{4}$ vetrarins. Áhersla var lögð á að þjálfar hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Námsmat: Símat, einkunn gefin í bókstöfum að vori

Útivist

Farið var í útivist einu sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í 3 hópa sem hver um sig fékk 1 kennslustund í viku í sundi. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin. Bekkjarsáttmáli gerður.

Nokkrir bekkjarfundir voru haldnir þar sem rædd voru líðan og samskipti í skólanum. Rætt var um einelti. Tekið var á málum sem upp komu í amstri dagsins. Lífsleikni var oft samþætt Byrjendalæsi.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22.ágúst Skólasetning
- 4.september Fjallganga – Gengum upp Hafrafellsháls.
- 12.september Haustfundur fyrir foreldra, þar sem starf vetrarins var kynnt.
- 18.september Ólympíuhlaupið.
- 1.október Samráðsdagur
- 18. og 21.október Vetrarfrí
- 6.-7.nóvember. Þemadagar.
- 2.desember Opinn dagur í GÍ
- 20.desember Litlu jólin
- 25. janúar Sólarpönnukökur og sólarpönnukökulagið var frumflutt.
- 5.febrúar Samráðsdagur, nemendastýrð.
- 20.- 21.febrúar Vetrarfrí
- 3.mars Maskadagur/grímuball
- 26.-27.mars Árshátíð

- 7. – 11.apríl Púkinn menningarhátíð og list fyrir alla.
- 14. - 21.apríl Páskafri
- 21.maí Súðavík með vinabeknum okkar, Raggagarður og Melrakkasetrið
- 28.maí Gönguferð í Stóruðrarskóginum, nesti og fuglaskoðun.
- 30.maí Leikjadagur yngsta stigs á Torfnesi.
- 2.júní Heimsókn á bæjarbókasafn og plöntun hjá Gróanda.
- 4.júní Skólaslit.

Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir og Marzena Glodkowska

3.bekkur

Nemendur árgangsins voru 41. Árganginum var skipt í tvo hópa og voru 21 nemendur í öðrum bekknum og 20 nemendur í hinum. Umsjónarkennarar voru Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir. Í upphafi skólaársins voru stuðningsfulltrúar, Sigrún Waltersdóttir og Soffía Ingimarsdóttir hjá 3. ES og Qamar Alsadon og Sigrún Waltersdóttir hjá 3. ÁH. Þetta breyttist svo og Sigrún var hjá 3. ES og í undir vor kom Kári Eyþórsson í 3. ÁH. Sérkennari árgangsins var Kristín Ólafsdóttir. Umsjónarstofur árgangsins voru stofa 205 og 207.

Kennarar í verkgreinum og íþróttagreinum:

Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði.

Jón Heimir Hreinsson kenndi tæknimennt/smíði.

Kjartan Ágúst Pálsson sá um textílmennt.

Sólveig Edda Vilhjálmisdóttir kenndi myndmennt.

Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir kenndu íþróttir og sund.

Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir kenndi dans

Námsgreinar hjá 3. bekk skiptust á eftirfarandi hátt: Byrjendalæsi, þar sem íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði var samþætтуð að þessu sinni, skipaði 13 kennslustundir á viku. Stærðfræði var kennd í 6 kennslustundir á viku. Upplýsingatækni var 1 kennslustund á viku eins og enska og tónmennt. Lífsleikni var kennd eftir þörfum. Íþróttir voru 2 kennslustundir á viku. Sund var 1 sinni í viku og sama á við um útivist og dans. Heimilisfræði, tæknimennt/smíði, myndmennt og textílmennt voru kenndar samhliða 4 kennslustundir í viku og skiptist í 4 hópa sem kom tvisvar yfir veturinn.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 3A og 3B nemendabók og æfingahefti og ítarefni frá kennurum. Ýmis námöggn úr stærðfræðistofu voru notuð í verklega kennslu, t.d. kubbar, mælistikur, tví- og þrívíðform.

Námstilhögun: Innlagnir, bekkjarkennsla, hópavinna, verkleg verkefni og svólítið útinám.

Námsmat: Verkefni, kannanir eftir námsþætti og vorkönnun.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum. Lesrún, Ritrún 2 og 3 og Könnum kortin, Góður, betri bestur, Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu himingeiminn, Hrafninn og Flugvélar. Þétt upprifjun á stöfum og orðavinna. Auk ýmissa verkefna frá kennurum.

Námstilhögun: Unnið var út frá aðferðinni byrjendalæsi þar sem námsgreinarnar íslenska,



samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþættar og námsefnið ýmist kennt saman eða sjálfstætt. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu. Áhersla var lögð á frjálstan lestur, á hverjum morgni var lestrarstund í 15 mínútur. Þá völdu nemendur sér sjálfir lestrarbækur. Þann tíma notuðu kennari og stuðningsfulltrúi til að hlusta á nemendur lesa og aðstoða þá við velja nýjar lestrarbækur fyrir heimalesturinn. Einnig var aðferðafræði PALS, þör að lesa saman, notuð í ÁH bekknum.

Heimanám var heimalestur allan veturinn og þeir sem þess óskuðu fengu heimanám einu sinni í viku sem fór heim á föstudegi og skilað aftur á miðvikudeginum á eftir. Þetta var einstaklingsmiðað heimanám.

Námsmat: Prófað var í lesskilningi (Orðarún í okt. og ap.) og símat kennara í málfræði og skrift. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið var að vori gætu 10 % nem. gætu lesið a.m.k. 55 orð á mín. 50% læsu 100 orð á mín. og 25% læsu 120 orð á mín. Á vorönn var gefið fyrir lykilhæfni í íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu landakort og Halló heimur 2.

Námstilhögun: Verkefni unnin á ýmsan máta, bæði einstaklings- og hópavinna.

Náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu hafið, Hrafninn, Flugvélar, og Halló heimur 2

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli þar sem allir nemendur lögðu eitthvað af mörkum. Bekkjjarfundir voru haldnir öðru hvoru þar sem nemendur tjáðu sig um ýmis málefni tengd samskiptum við aðra. Farið var í ýmsa leiki þar sem markmiðið var að efla samkennd, traust og öryggi hvers og eins innan hópsins.

Enska

Námsgögn: Yes we can 2 og 3.

Nemendur unnu verkefni sem miðuðu að því að bæta við orðaforða þeirra og styrkja orðaskilning. Ýmislegt efni á ensku, ævintýri, söngvar og fl. þar sem hlustað var á ensku.

Upplýsingatækni

Fingrafimi var æfð allan veturinn með æfingaleikjum á mms.is. og typing.com. Nemendur unnu verkefni sem tengdust ýmiskonar annarri vinnu inná mms.is. Þeir æfðu sig í að skrifa texta í word.

Tónmennt

Fjallað um texta og lögin lærd og sungin. Áhersla var lögð á jákvæð áhrif tónlistar, sköpun, söng og gleði. Syngjandi skóli, stefna frá tónlistarkennurum var tekin inn á haustmánuðum en sú kennsla varð svo endasleppt vegna verkfalls tónlistakennara og veikindum Ástu Þjetursdóttur sem kenndi þetta.

Heimilisfræði, tæknimennt/smíði, myndmennt og textílmenn

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Íþróttir

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki, boltaíþróttir og fimleika.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 4.september Fjallganga á Hnífa.
- 5.september Haustfundur með foreldrum
- 19.september Ólympíuhlaup ÍSÍ.
- 22.september Lokahátíð barnamenningarhátíðar
- 6.-7.nóvember Þemadagar
- 26.nóvember Heimsókn frá slökkviliðinu
- 26.-27.mars Árshátíð
- 9.apríl List fyrir alla- Frac bræðurnir
- 15.maí Heimsókn á slökkvistöðina
- 14.maí Sveitaferð að Hólum í Dýrafirði
- 30.maí Íþróttar og leikjadagur 1-4 bekkjar á Torfnesi
- 30.maí Ratleikur á skólalóð.
- 4.júní Skólaslit.

Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

4.bekkur

Nemendur árgangsins voru 46 talsins. Árgangurinn var saman í stofu 201, 202 og 203. umsjónarkennarar voru Esther Ósk Arnórsdóttir, Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir og Sigbór Snorrason. Stuðningsfulltrúar voru Marcel Stanislaw Knop, Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir, Þóra Steinunn Gunnarsdóttir og Guðmundur Grétar Friðriksson. Sérkennari árgangsins var María Lárusdóttir.

Kennarar í árganginum:

Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði.

Jón Heimir Hreinsson kenndi tæknimennt/smíði.

Kjartan Ágúst Pálsson kenndi textílmenn.

Árni Heiðar Ívarsson kenndi sund.

Sigríður Guðjónsdóttir, Sigbór Snorrason og Lillý Viðarsdóttir kenndu íþróttir.

Esther Ósk Arnórsdóttir, Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir og Sigbór Snorrason kenndu útivist.

Eva Sigurrós Friðbjófsdóttir kenndi dans.

Sólveig Edda Vilhjálmisdóttir kenndi myndmennt.

Umsjónarkennarar sáu um aðra kennslu. Námsgreinar hjá 4. bekk skiptust á eftirfarandi hátt:

6 kennslustundir í viku í íslensku, 6 kennslustundir í viku í stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni var samþættað í 6 kennslustundum í viku. Upplýsingatækni var 1 kennslustund á viku eins og enska og tónmennt. Íþróttir voru 2 kennslustundir á viku. Sund var 1 sinni í viku og sama á við um útivist og dans. Nemendur skiptust í heimilisfræði, tæknimennt/smíði og textílmenn eftir tímabilum og hver grein var kennd 3 sinnum í viku. Nemendur voru samtals í 6 til 7 vikna lotum í hverri námsgrein.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 4A og 4B nemendabók og æfingahefti, ásamt fjölbreyttu ítarefni frá kennurum. Ýmis námsgögn úr stærðfræðistofu sem notuð voru í verklega kennslu, t.d. kubbar, talnagrindur, mælistukur, tví- og þrívíðform, teningar með formerkjum. Einu sinni í viku var farið í útistærðfræði þar sem farið var í ýmis verkefni og leiki. Heimanám var einstaklingsmiðað skv. heimanámsstefnu skólans.

Námstilhögun: Innlagnir, bekkjarkennsla, hópavinna og verkleg verkefni.

Námsmat: Verkefni, símat með könnunum eftir hvern námsþátt.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum. Lesrún 2, Ritrún 3, Ítalíuskript, Orðflokkahefti af Skólavefnum, Málsgreinar og Mas (auka fyrir þau sem kláruðu Ritrónu), ritun í stílabækur.

Námstilhögun: Einstaklingsvinna, hópavinna, stöðvavinna. Á hverjum morgni var lestur upphátt í 15 mínútur. Nemendur

völdu sér sjálfir lestrarbækur með aðstoð kennara. Heimavinna var eingöngu heimalestur. Undirbúningur fyrir Litlu upplestrarkeppnina.

Námsmat: Prófað var í lesskilningi (Orðarún) og símat í verkefnavinnu og skrift. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið var að vori gætu 10 % nem. gætu lesið a.m.k. 80 orð á mín. 50% læsu 120 orð á mín. og 25% læsu 145 orð á mín.



Samfélagsfræði og náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, komdu og skoðaðu hringrásir, Halló Heimur 2 og 3

Námstilhögun: Nemendur unnu ýmis verkefni út frá bókunum, ýmist sem einstaklingar, námsfélagar eða í hópum.

Námsmat fór fram með símati.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild.

Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli þar sem allir nemendur lögðu eitthvað af mörkum.

Bekkjarfundir voru haldnir öðru hvoru þar sem nemendur tjáðu sig um ýmis málefni tengd samskiptum við aðra. Unnið var með bókina „Kraftaverkið ég“ þar sem fyrst er fjallað um kynfræðslu og svo farið í lífsleikni. Fjallað var um styrkleika, fjölskyldu, vináttu, sjálfsmynd, tilfinningar, kyn og líkamann.

Enska

Notast var við bókina Yes We Can 3. Þar eru fjölbreytt verkefni, hlustun, ritun, söngur og framburður. Einnig unnu nemendur verkefni frá kennara, t.a.m. að skrifa stuttar frásagnir um sig og fjölskyldu sína, skrifa sögu og horfa á einfalda teiknimynd og skrifa niður hvað þeir sáu. Í lok skólaárs var byrjað á Yes We Can 4. Námsmat fór fram með símati.

Upplýsingatækni

Nemendur æfðu alltaf fingrasetningu í byrjun kennslustundar. Notast var við Fingrafimi á mms.is og svo færðu nemendur sig yfir í Typing.com. Nemendur gerðu nokkur ritunarverkefni í Word og æfðu sig að setja inn myndir. Skrifuðu upp Aravísur, gerðu „Fuglaverkefni“ og „Hvers vegna verða eldgos“? Þar sem nemendur æfðust í að leita upplýsinga á netinu, vanda málfar og uppsetningu. Nemendur æfðu sig að gera sínar eigin myndasögur með síðunni Pixton.com og æfðu undirstöðuatriði forritunar með námsleiknum runmarco.allcancode.com. Námsmat fór fram með símati.

Tónmennt

Unnið var með bókina Tónlist og umhverfi. Samstarfsverkefni við Tónlistarskóla Ísafjarðar, Syngjandi skóli.

„Uppáhaldslagið mitt“ var verkefni þar sem krakkarnir völdu sér lag, skrifuðu nokkur orð um það, kynntu og spiluðu fyrir bekkinn. Eftir áramót fóru tónmenntartímarnir að mestu í æfingar fyrir Árshátíð. Námsmat fór fram með símati.

Heimilisfræði, tæknimennt/smíði, myndmennt og textílmenn

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Fjölbreytt verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Íþróttir og sund

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki og fimleika. Nemendum var skipt í tvo hópa í sundinu og fór hvor hópur í sund í 40 mínútur á viku. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 6.september Gönguferð upp í Naustahvilft.
- 7.september Haustfundur fyrir foreldra
- 18.september Ólympíuhlaup ÍSÍ
- 6.-7.nóvember Þemadagar
- 2.desember Opinn dagur
- 20.desember Litlu jólin
- 27.janúar Sólarkaffi og spil með foreldrum.
- 19.febrúar Kósý dótadagur
- 3.mars Maskadagur
- 13.maí Heimsókn á slökkvistöðina.
- 26. og 27.mars Árshátíð

- 28.maí Ferð í Valagil
- 30.maí Íþróttá- og leikjadagur á Torfnesi fyrir 1.-4. bekk.
- 2.júní Gróðursetning í Gróanda
- 4.júní Skólaslit.

Esther Ósk Arnórsdóttir, Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir og Sigþór Snorrason

5.bekkur

Nemendur árgangsins voru 27, 15 stúlkur og 12 drengir. Katrín Björnsdóttir og Krístrún Halla Gylfadóttir voru umsjónarkennarar og kenndu eftirfarandi: íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, ensku, upplýsinga- og tæknimennt, tónmennt. Stuðningsfulltrúi var Kolbrún Guðjónsdóttir.

Aðrir kennarar árgangsins:

Árni Heiðar Ívarsson - sund

Guðlaug Jónsdóttir - heimilisfræði

Jón Heimir Hreinsson - smíðar

Kjartan Ágúst Pálsson - textílmennt

Solveig Edda Vilhjálmsson og Krístrún Halla Gylfadóttir - myndmennt

Sigríður Guðjónsdóttir og Lillý Viðarsdóttir - íþróttir

Ýmsir kennarar - hræringur.

Eftirtalin fög voru kennd ákveðið margar stundir í viku: Íslenska 6, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, upplýsingatækni 1, tónmennt 1, íþróttir 2 og sund 1.

Textílmennt, heimilisfræði, og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tímar á viku í u.þ.b. 10-11 vikur hvert fag. Hræringur var kenndur í 3 kennslustundir á viku, þar af tvær samliggjandi í miðlotu á þriðjudögum og ein eftir hádegismat á föstudögum. Þar eru kennd mismunandi fög sem nemendur hafa valið sér og er hvert fag kennt í 8 vikur og þá eru skipti. Að valinu koma ýmsir kennarar.

Umsjónarstofa árgangsins var stofa 111. Bekkurinn fékk spjaldtölvur í febrúar og hafa nemendur verið að vinna í þeim í vetur. Nemendur sáu um að hlaða sína spjaldtölvu og sækja uppfærslur. Reglur um notkun snjalltækjanna voru lagðar fyrir nemendur og foreldra og hver nemandi ásamt foreldri skrifuðu undir samning þar að lútandi. Kennarar stjórnðu notkun tækjanna að öllu leyti og almennt hefur notkun tækjanna gengið vel fyrir sig.



Stærðfræði

Námsgögn: Stika 1A og 1B nemendabók og æfingahefti, ýmis ljósrít og kennslumyndir á Skólavefnum. Námstilhögun: Kennt var í umsjónarbekk, ýmsar hópskiptingar innan hópsins og mikið um samvinnunám.

Námsmat: Lotukannanir eftir hvern kafla. Einnig var ástundun og vinnusemi metin.

Íslenska

Námsgögn: Orðspor 1 – lesbók og vinnubók, Smellur 1, Málrækt 1, auk ýmissa ljósritaðra verkefna, gagnvirkar stafsetningaæfingar, lesskilningsverkefni.

Námstilhögun: Kennt var í umsjónarbekk. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning, m.a. með reglulegum lesskilningsverkefnum og réttitun. Lesskilningsverkefni send heim vikulega. Áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og unnið út frá hugmyndum nemenda.

Námsmat: Þrjú lesfimiþríf voru lögð fyrir yfir veturinn, lesskilningsþríf Orðarún, var tekið tvisvar yfir veturinn, ýmis málfræði og ritunarverkefni metin.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Ísland – hér búum við (landafræði).

Námstilhögun: Nemendur unnu í vinnubókum og ýmis verkefni út frá efninu, hóp- og einstaklings.

Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum af ýmsu tagi, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni.

Náttúrufræði

Námsgögn: Náttúrulega 1, lesbók og vinnubók.

Námstilhögun: Unnið með ákveðna námsþætti. Innlögn, upplýsingaleit, einstaklings- og hópverkefni og kynningar.

Námsmat: Verkefni unnin metin, vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Enska

Námsefni: Yes we can 4 og 5.

Námsmat: Vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Upplýsingatækni

Námsgögn: Verkefni í forritinu Word fyrir krakka og ýmis verkefni frá kennara

Námstilhögun: Kennt var í tölvuveri skólans og spjaldtölvur notaðar.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita. Einnig var notaður Ritþjálfari til að þjálfa fingrasetninguna. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum. Unnið með upplýsingaöflun.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Námsgögn: Áfram strákar (stelpur sér og strákar sér), Ég og sjálfsmyndin, og ítarefni frá kennara.

Námstilhögun: Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Hópeflisleikir og samskiptaæfingar. Unnið með markmiðasetningu, styrkleika og sjálfsmynd.

Íþróttir

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálssar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Farið var í hjólabrautina og á púttvöllinn á haustdögum og boðið uppá að renna sér á þotum, sleða eða ruslapoka í vetur. Námsmat fer fram með símati auk prófa í þolgreinum, virkni, viðhorfi og ástundun.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 28.ágúst Fjallanga – Gengið upp með Buná, að gönguskíðaskálanum

- 19.september Ólympíuhlaup ÍSí
- 19.september Haustfundur foreldra.
- 9.október Heimsókn frá Þorgrími Þráníssyni rithöfundi
- 16.október Rýmingaræfing
- 6.-7.nóvember Þemadagar
- 28.nóvember Spurningakeppnin Ég veit
- 2.desember Opinn dagur í GÍ
- 24.janúar Sólarkaffi
- 3.mars Maskaball í skólanum
- 26.-27.mars Árshátíð – Skólalald í 150 ár
- 8.maí Leikritið Orri óstöðvandi sýnt í Edinborg
- 14.maí Hjólaferð í Tunguskóg
- 21.maí Ferð í Holtsfjöru
- 28.maí Íþróttadagur við Torfnæs
- 2.júní Gróðursetning í Gróanda

Katrín Björnsdóttir og Krístrún Halla Gylfadóttir

6.bekkur

Nemendur árgangsins voru í upphafi skólaársins, 28 en í lokin voru þau 29. Umsjónarkennarar 6.AS voru Auður Yngvadóttir og Salka Gústafsdóttir. Sérkennari árgangsins var Iwona Samson.

Aðrir kennarar árgangsins:

Guðlaug Jónsdóttir - heimilisfræði

Kjartan Pálsson - textílmennt

Salka Gústafsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson - enska

Sigríður Guðjónsdóttir, Lillý Viðarsdóttir og Árni Heiðar Ívarsson - íþróttir og sund

Jóhanna Ása Einarsdóttir, Axel Sveinsson og Hrefna Þorleifsdóttir - danska

Jón Heimir Hreinsson - tæknimennt

Iwona Samson - sérkennsla

Sólveig - myndmennt

Auður Yngvadóttir, Salka Gústafsdóttir, Guðlaugur Viðarsson. Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir, Esther Ósk Arnórsdóttir – íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, tónmennt og upplýsingatækni.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 7 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, íþróttir 2, sund 1, danska 1, tónmennt 1 og upplýsingatækni 1. Textílmennt, tæknimennt og heimilisfræði og myndmennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku hver lota. Auk þess var boðið upp á val/hræring í 3 stundir á viku.

Í upphafi skólaárs var bekkur sem ein heild en eftir áramót var bekknum skipt í tvo hópa. Voru kennsluhættir eins fjölbreyttir og hægt er að hafa þá.

Stærðfræði:

Námsgögn: Stika 2a nemendabók, æfingar á Skólavefnum ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Mikil áhersla var lögð á að rifja upp grunnaðferðirnar fjórar. Nemendur voru markvisst hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, sýna þrautseigju og að halda áfram á sínum hraða.

Námstilhögun: Unnið var í tveimur hópum.

Námsmat: Kannanir eftir hvern kafla.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 2, Orðspor, skrifarbækur miðaðar við hæfni hvers nemanda, ýmsar æfingar á Skólavefnum (gagnvirkt efni) eins og Litabækurnar sem voru notaðar til þess að þjálfra lesskilning.

Námstilhögun: Við lögðum áherslu á heimalestur að lágmarki 15 mínútur á dag.

Námsmat: Símat. Vinnubækur metnar og frammistaða í tímum. Próf í fallbeygingu voru lögð fyrir með reglulegu millibili. Þrjú lesfimiþróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá öllum í samræmi við lesfimiáætlun Menntamálastofnunar. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir að hausti og í maí.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Norðurlönd (lesbók og vinnubók), Víkingaöld.

Námstilhögun: Áhersla var lögð á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð. Verkefni af ýmsu tagi voru unnin, bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Námsmat: Vinnubók, verkefnavinna, þátttaka nemenda og símat.

Náttúrufræði

Námsgögn: Náttúrulega 1.

Námstilhögun: Aðaláhersla var verkefnavinna úr efni bókana. Hópverkefni var unnið um himinhvolfin þar sem nemendur unnu með hlutföll, afraksturinn var hengdur upp á vegg.

Námsmat: Vinnubók, verkefnavinna og frammistaða í tímum.

Enska

Námsefni: Ready for Action.

Námstilhögun: Nemendur unnu verkefni sem fylgdu bókinni í stílabók. Einnig var stuðst við bókina í annarri verkefnavinnu, ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Nemendur unnu verkefni í iPad sem var skilað í Google Classroom og einnig verkefni sem voru sett upp á vegg.

Námsmat: Símat. Frammistaða í tímum, einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Danska

Dönskukennarar í 6. bekk voru Jóhanna Ása Einarsdóttir, Axel Sveinsson (fyrir áramót) og Hrefna Þorleifsdóttir (eftir áramót). Í vetur fengu nemendur 6. bekkjar að kynna dönskunáminu eina kennslustund á viku.

Viðfangsefni: Farið var í léttar æfingar, leiki og söng. Eftir áramótin var byrjað að vinna í kennslubókinni Start lesbók og vinnubók, sem haldið verður áfram með næsta skólaár. Ekkert formlegt námsmat er í dönsku í 6. bekk.

Upplýsingatækni

Námstilhögun: Kennt var í skólastofum þar sem nemendur notuðu iPad og í tölvuveri skólans (tölvur). Áhersla lögð á að kenna nemendum á iPad og nýta hann til verkefnavinnu í gegnum algeng forrit. Reynt var að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum. Í tölvustofunni var lögð áhersla á fingrasetningu og word verkefnavinnu.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Íþróttir og sund

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki og fimleika. Nemendum var skipt í tvo hópa í sundinu og fór hvor hópur í sund í 40 mínútur á viku. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 29.ágúst Fjallganga á Sandfell
- 19.september Ólympíuhlaup ÍSÍ
- 23.janúar Sólarkaffi
- 3.mars Maskadagur – maskaball
- 13.mars Skíðadagur
- 26.-27.mars Árshátíð
- 8.maí Leikhússýning í Endinborgarhúsinu
- 28.maí Leikjadagur Torfnesi
- 29.maí Hjólaferð inn í Tunguskóg
- 26.maí Skoðunarferð að Ósvör í Bolungarvík
- 2.júní Vorverkadagur og grill

Auður Yngvadóttir og Salka Gústafsdóttir

7.bekkur

Nemendur árgangsins voru 49, 26 stúlkur og 23 drengir. Umsjónarkennarar voru Axel Sveinsson fyrir áramót og Álfdís Hrefna Þorleifsdóttir eftir áramót ásamt Jóni Ólafi Eiríkssyni. Stuðningsfulltrúar voru Álfheiður Elín Bjarnadóttir og Sigríður Jónsdóttir.

Aðrir kennarar árgangsins:

Axel Sveinsson - íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði, upplýsingatækni, danska og lífsleikni.

Álfdís Hrefna Þorleifsdóttir - íslenska, stærðfræði, danska, upplýsingatækni og lífsleikni.

Elín Sveinsdóttir - tónmennt

Jelena Una Jóhannsson - samfélagsfræði og náttúrufræði

Jón Ólafur Eiríksson - íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði, upplýsingatækni, enska og lífsleikni.

Jón Heimir Hreinsson - smíðar og hönnun

Solveig Edda Vilhjálmsdóttir - myndmennt

Guðlaug Jónsdóttir - heimilisfræði

Sara Rós Sigurðardóttir - enska

Lillý Vðarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir - íþróttir

Árni Heiðar Ívarsson - sund

Magnúsína Laufey Harðardóttir - íslenska sem annað mál

Iwona María Samson – sérkennsla

Íslenska

Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6 stundir á viku, samfélagsfræði 3 stundir á viku, náttúrufræði 3 stundir á viku, enska 2 stundir á viku, lífsleikni 1 stund á viku, íþróttir 2 stundir á viku, tónmennt 1 stund á viku, sund 1 stund á viku, upplýsingatækni 1 stund á viku og danska 2 stundir á viku. Textílmenn,

heimilisfræði, myndmennt og smíðar voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku. Hræringur var í 3 stundir á viku og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Kennt var í tveimur bekkjum í öllum greinum, í tveimur bekkjarstofum. Notast var við fjölbreytta kennsluhætti þar sem hópavinna og snjalltæki voru mikið nýtt.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 3A og 3B nemendabók, æfingahefti 3A og 3B, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.

Námstilhögun: Nemendur fengu vinnuáætlun í upphafi hverrar viku.

Námsmat: Lotupróf var ekki eftir hvern kafla, stundum voru verkefni sem að nemendur unnu í tengslum við kaflann í stað þess að fara í lotupróf.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 3, Orðspor 3 lesbók og vinnubók, annar og þriðji smellur, Litabækur- lesskilningsverkefni og Gunnlaugs saga. Ýmsar lestrarbækur og ítarefni. Einnig var unnið með ritun.

Námstilhögun: Nemendur unnu ýmist í hópum eða í einstaklingsverkefnum.

Nemendur tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Námsmat: Verkefni jafnt og þétt yfir veturinn. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn og tvö lesskilningspróf.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Evrópa lesbók og vinnubók.

Námstilhögun: Verkefni um lönd Evrópu voru unnin í hópum ásamt einstaklingsverkefnum.

Námsmat: Vinna og verkefni nemenda voru metnar til einkunnar ásamt hópverkefnum.

Náttúrufræði

Námsgögn: Náttúrulega 3 lesbók, vinnubók og myndbönd.

Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti.

Námsmat: Verkefni og símat.

Danska

Námsefni og tilhögun: Verkefni unnin einstaklingslega ásamt hópavinnu.

Unnið með kennslubækurnar Start og Smart lesbók og vinnubók ásamt ýmsum verkefnum frá kennurum. Nemendur horfðu á danskt myndefni.

Útiverkefni: Myndvinnsla ýmsi verkefni t.d. orðaforða og forsetningavinna.

Námsmat: Öll verkefnaskil svo sem tímaverkefni, hópverkefni, kannanir og verkefnabækur metin til einkunnar að vori.

Enska

Námsefni: Unnum með Action lesbók og vetrinum var skipt í lotur þar sem ákveðnir þættir voru teknir fyrir.

Námsmat: Próf á vorönn og vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar.

Upplýsingatækni

Farið var skipulega í fingrasetningu og ritvinnslu í Word og verkefni þeim tengd unnin í kennslustundum. Undirstöðuatriði í Excel. I-padar voru mikið notaðir í öllum greinum.

Námsmat: Símat, þar sem vinnusemi, ástundun og verkefni voru metin.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti fólks sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda og lífsgildi. Mikil áhersla lögð á samskipti, bæði barnanna á milli og annarra. Haldnir voru bekkjafundir.

Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Tónmennt

Áhersla var lögð á tónlistarstefnur. Einnig vorum við mikið að syngja saman og vinna með texta.

Íþróttir

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Farið var í hjólabrautina og á púttvöllinn á haustdögum og boðið uppá að renna sér á þotum, sleða eða ruslapoka í vetur. Námsmat fór fram með símati auk prófa í þolgreinum, virkni, viðhorfi og ástundun.

Uppbyggingarstefna

Hlutverkin okkar og bekkjarsáttmálinn voru rifjuð upp og endurbætt.

Einnig var farið vel í hvað eru góðar venjur og slæmar venjur, og í sambandi við það hvað er að vera góður vinur og slæmur vinur.

Myndmennt

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Áhersla lögð á þrívíddarteikningu. Einnig voru gerð smáverk að eigin vali með þrívíddarpennum. Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22.ágúst Skólasetning
- 26. - 29.ágúst Skólabúðirnar að Reykjum
- 6.september Fjallganga
- 18.september Ólympíuhlaup ÍSí
- 1.október Samráðsdagur
- 18.-22.október Haustfrí
- 6.-7.nóvember Þemadagar
- 18.nóvember Stóra upplestrarkeppnin sett í Hömrum á degi íslenskrar tungu
- 1.-15.nóvember Jól í skókassa
- 27.-29.nóvember Spurningakeppnin - Ég veit
- 2.desember Opinn dagur – foreldrar boðnir velkomnir
- 20.desember Litlu jólin
- 5.febrúar Samráðsdagur
- 6.febrúar Bekkjakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
- 13.febrúar Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
- 20.-24.febrúar Vetrarfrí
- 3.mars Maskadagur-grímuball
- 6.mars Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar
- 13.mars Skíðadagur

- 26.-27.mars Árshátíð GÍ
- 4.-8.apríl Púkinn
- 22.maí Vorferð á Suðureyri
- 27.maí Golfkynning hjá Golfklúbbi Ísafjarðar
- 30.maí Gróðursetning í Gróanda
- 4.júní Skólaslit

Álfðís Hrefna Þorleifsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Skýrslur 8. – 10. bekkja

Skýrsla deildarstjóra unglíngastígs

Í unglíngadeild í vetur voru tæplega 130 nemendur. Einhverjar breytingar urðu í öllum árgöngum, nemendur fluttu í burt og aðrir fluttu í bæinn. Í öllum árgöngum er einn bekkur en tveir kennarar með hvern bekk. Í 10. bekk var oftast kennt í einum hóp en 8. og 9. bekkur voru oftast í tveimur hópum. Þar að auki komu 17 nemendur frá Grunnskólanum á Suðureyri og Grunnskóla Öfundarfjarðar í val tvisvar í viku.

Nemendur á unglíngastigi taka ákveðinn fjölda valtíma á viku. Í 8. bekk eru það 5 tímar á viku en 8 tímar í 9. og 10. bekk. Valgreinar sem allir árgangar unglíngastígs gátu sótt í vetur voru: Boltaval, Dans, , Útivist og fjallamennska, Fjármál einstaklinga, Framtíðin í kvikmyndum, Jóga Nidra, Keramik, Líkamsrækt og þjálfun, Næringarfræði, Seinni heimstyrjöldin, Skák, Skólahreysti, Spil, Spænska, Stuttmyndagerð, Topp tíu – hættulegustu, Tækniráð, Vísindasmiðja. En 9. og 10. bekkur gátu líka valið um: Erasmus+, Heimilisfræði, Myndmennt, Þrjón og hekl, Smíði og Vélsaum til viðbótar við fyrri upptalningu. Nemendur í 10. bekk gátu svo einnig valið Fornám ökunáms og Sund. Þá gátu nemendur einnig fengið metið sem val nám í tónlistarskóla og skipulagðar æfingar með íþróttafélögum.

Nemendaráð skólans fundar í upphafi hvers mánaðar og skipuleggur hvað á að vera í boði í félagsmiðstöðinni. Allir sem vilja hafa áhrif á það geta mætt á fundina og lagt orð í belg. Eva María Einarsdóttir forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Djúpsins aðstoðar nemendur við að skipuleggja starfið.

Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin 10. október en hún hefur verið fastur liður í starfi skólanna í mörg ár. Á íþróttahátíðinni keppa nemendur unglíngastígs af öllum Vestfjörðum í fjölbreyttum íþróttagreinum og fagna svo samverunni með dansleik um kvöldið.

Fjáröflunarnefnd 10. bekkjar hélt nokkur böll í salnum við góðar undirtektir og var nemendum úr nágrannaskólum boðið að mæta á böllin.

Skólanum var slitið í Ísafjarðarkirkju þann 4. júní. Unglíngastig mætti í kirkjuna um kvöldið á skólaslitin. Á skólaslitum flytur skólastjóri ávarp og einnig fulltrúar útskriftarnema. Veittar eru viðurkenningar fyrir námsárangur og að lokum eru nemendur 10. bekkjar útskrifaðir. Birnir Snær Heiðarsson og Saga Björgvinsdóttir nemendur í 9. bekk voru kynnar á athöfninni. Axel Vilji Bragason og Ásthildur Elma Stefánsdóttir fluttu ávarp fyrir hönd útskriftarnema.

Viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir fengu Pétur Arnar Kristjánsson í 8. bekk, Árni Fannar Finneyjarson í 9. bekk og Friðrikka Líney Sigurðardóttir í 10. bekk. Aðrar viðurkenningar voru eingöngu fyrir útskriftarnemendur. Kvenfélagið Hvöt í Hnífsdal gaf viðurkenningar fyrir list- og verkgreinar. Danska Menntamálaráðuneytið gaf viðurkenningu fyrir námsárangur í dönsku og Stöðin Heilsurækt gaf viðurkenningar fyrir góða ástundun og námsárangur í íþróttum. Aðrar viðurkenningar voru frá Grunnskólanum á Ísafirði og hlutu eftirtaldir þær viðurkenningar; Sýlvía Rán Magnúsdóttir fyrir textílmennt, Soffía Rún Ívarsdóttir fyrir myndmennt, Zuanna Majewska fyrir heimilisfræði, Axel Leví Marteinson fyrir Smíði og hönnun, Jökull Eydal fyrir dönsku, Dagný Emma Kristinsdóttir og Einar Orri Einarsson fyrir íþróttir, Þórir Karl Sigurðsson fyrir tækniráð, Vésteinn Guðjónsson fyrir íslensku, Aram Nói Norðdahl Widell fyrir náttúrufræði og ensku, Dýri Hjörleifsson fyrir samfélagsfræði og loks Sýlvía Rán Magnúsdóttir fyrir stærðfræði.

Guðrún Hrafnhildur Steinþórsdóttir og Jökull Eydal spiluðu saman fjórhent á píanó lögin Krummavísur og Á Sprengisandi í útsetningu Vilbergs Viggóssonar. En bæði Guðrún Hrafnhildur og Jökull eru nemendur Tónlistaskóla Ísafjarðar.

Jón Hálfán Pétursson

8. bekkur

Nemendur árgangsins voru 48 talsins, 30 strákar og 18 stelpur. Umsjónarkennarar voru Sara Rós Sigurðardóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir. Katrín Sif fór í fæðingarorlof í janúar og eftir það var Sara Rós eini umsjónarkennarinn. Stuðningsfulltrúar voru Linda Kristín Grétarsdóttir, Maja Weronika Smoter og Viktoria Anna Reimarsdóttir.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum:

Danska – Jóhanna Ása Einarsdóttir og Íris Ösp Heiðrúnardóttir

Enska – Sara Rós Sigurðardóttir, Bergþóra Sveinsdóttir (fyrir áramót) og Guðrún Ósk Ásmundsdóttir (eftir áramót)

Heimilisfræði – Guðlaug Jónsdóttir

Íslenska – Guðlaugur Valdimarsson, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir (fyrir áramót) og Berglind Árnadóttir (eftir áramót).

Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir

Íþróttir – Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir

Sund – Sigríður Guðjónsdóttir

Lífsleikni – Sara Rós Sigurðardóttir, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Salome Elín Ingólfssdóttir og Kjartan Ágúst Pálsson.

Myndmennt – Solveig Edda Vilhjálmsdóttir

Náttúrufræði – Guðlaugur Valdimarsson og Sara Rós Sigurðardóttir

Samfélagsfræði – Guðlaugur Valdimarsson og Sara Rós Sigurðardóttir

Stærðfræði – Berglind Árnadóttir, Inga Fanney Pedersen, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir og Jón Hálfán Pétursson.

Textílmennt – Kjartan Ágúst Pálsson

Tæknimennt – Jón Heimir Hreinsson

Eftirtalin fög voru kennd: SNU (sambætting í samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni) 6 tímar, stærðfræði 5 stundir, íslenska 5 stundir, enska 4 stundir, lífsleikni 1 stund, íþróttir 2 stundir og danska 3 stundir. Hringekja (Heimilisfræði, myndmennt, textílmennt og tæknimennt) 4 stundir á viku í 8 vikur í senn. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu. Einnig var hægt að fá tónlistarnám og íþróttaiðkun metna í valinu. Eftir áramót var tekin út ein kennslustund í SNU og bætt inn einni kennslustund í lífsleikni.

Kennsla fór fram í tveimur stofum, 211 og 212. Nemendum var skipt upp í tvo námshópa eftir námsgreinum. Tveir kennarar voru að með hópinn, þ.e einn með hvorum námshóp. Nemendur höfðu afnot af spjaldtölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár. Notast var við Google Classroom til að koma verkefnaýsingu til nemenda. Rafræn skil voru á mörgum verkefnum í gegnum Classroom þar sem nemendur skiluðu inn á ýmsan hátt, t.d Google Sheets, Google Docs, Google Slides og fleira.

SNU

SNU er sambætting námsgreinanna náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Fyrirkomulagið var þannig að unnið var að ákveðnu þema í eina til þrjár vikur í senn. Þemu tengjast því efni sem áætlað var að fara yfir í 8.bekk og var reynt að brjóta veturinn upp með því að velja þema úr mismunandi námsgreinum til skiptis. Það námsefni sem notað var í SNU þennan veturinn var eftirfarandi: Um víða

veröld – jörðin, Lýðræði og tækni, Lífheimurinn, Eðlisfræði 1. Auk þess var ýmiskonar efni frá kennurum notað til að skerpa á ákveðnum atriðum.

Námsmat var gefið í hverri námsgrein fyrir sig jafnt og þétt yfir veturinn.

Kennarar: Guðlaugur Valdimarsson og Sara Rós Sigurðardóttir

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 1A og 1B (nemendabók og æfingahefti), Almenn stærðfræði I og II.

Námstilhögun: Nemendum var kennt í tveimur námshópum 3 kennslustundir á viku, og þremur námshópum 2 kennslustundir á viku. Jólaverkefni þar sem nemendur héldu jól fyrir fjölskyldu

Námsmat: Símat: Kaflapróf og verkefni

Kennarar: Inga Fanney Pedersen, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir (fyrir áramót), Jón Hálfán Pétursson (eftir áramót) og Berglind Árnadóttir (sérkennari)

Íslenska

Námsgögn: Kveikjur, Málið í mark, Laxdæla og annað efni frá kennurum.

Námstilhögun: Nemendum var kennt í tveimur námshópum 3 kennslustundir á viku. Ásamt því að 2 kennslustundir í viku var einum þriðja af hópnum kennt á móti sundtímum.

Námsmat: Símat, verkefni, próf.

Kennarar: Berglind Árnadóttir (eftir áramót og sérkennsla), Katrín Sif Kristbjörnsdóttir (fyrir áramót) og Guðlaugur Valdimarsson.

Enska

Námsefni: Spotlight 8 lesbók og vinnubók ásamt léttlestrarbókum og öðru efni

Námsmat: Vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar, vinna í tímum, hópastarfi, einstaklingsverkefni

Kennarar: Bergþóra Sveinsdóttir (fyrir áramót), Guðrún Ósk Ásmundsdóttir (eftir áramót) og Sara Rós Sigurðardóttir.

Danska

Námsgögn: Tak lesbók og vinnubók B, Dejlige Danmark, lesbók og vinnubók. Árstíðatengd þemaverkefni þar meðtalin ýmis útiverkefni auk þemaverkefna tengdum efni úr Tak. Nemendur horfðu á danskt myndefni af ýmsu tagi og hlustuðu á margvísleg hlaðvörp sem fjölluðu um málefni tengd daglegu lífi.

Símat: öll skil svo sem tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur og myndbönd með framsögn.

Kennarar: Íris Ösp Heiðrúnardóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjarfundir og nemendur fengu sérstaka fræðslu um ofbeldi, afleiðingar þess og birtingarmyndir. Nemendur fengu hóptíma og einhverjir einstaklingstíma hjá Söndru Borg listmeðferðarfræðingi. Eftir áramót var einum lífsleikni tíma bætt við töflu. Haldnir voru hópeflisdagar fyrir bekkinn dagana 8. og 9. október.

Kennarar: Sara Rós Sigurðardóttir, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Kjartan Ágúst Pálsson og Salome Elín Ingólfssdóttir

Myndmennt

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Leirað og byggð verk úr endurnýttu efni (skúlptúr). Prívíddarpennar nýttir. Nokkur verkefni yfir veturinn og aukið frelsi eftir því sem á leið á

vetri. Grunnur í listasögu með áherslu á Popplista (Andy Warhol ofl). Litafræði og formfræði. Áhersla lögð á sjálfbærni, sjálfstæði, sköpun, framkomu og frágang.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Kennari: Solveig Edda Vilhjálmsdóttir

Hönnun og smíði

Í vetur voru 48 nemendur í 8. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 4 kennslustundir í viku 2 tímabil hver hópur yfir veturinn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 8. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af einu skylduverkefni, en þegar nemendur kláruðu það verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru leikfangalest, sólstóll frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni ef tími gafst með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Heimilisfræði

Í vetur voru 43 nemendur í 8. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku. Farið var markvisst í fræðslu um heilbrigðan lífsstíl og áhrif góðrar næringar á andlega og líkamlega heilsu. Nemendur kynntust helstu hugtökum í næringarfræði og fengu fræðslu um hvar þessi næringarefni er að finna í fæðunni. Farið var yfir íslenskar ráðleggingar um mataræði og næringarefni auk þess sem rætt var um hvað nemendur vilja fá út úr matnum sem þeir borða og til hvers þeir þurfa að nota orkuna. Nemendur fengu annars áframhaldandi þjálfun í matreiðslu og bakstri með áherslu á snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Íþróttir

Útiþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Fjölbreytt hreyfing í formi göngu og útihlaups, hreyfileikja, boltaleikja ásamt því að nemendur kynnast fjölbreyttum íþróttagreinum. Nemendur efla líkamsvitund sína með þeim tilgangi að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Ástundun, virkni og viðhorf.

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir

Skólasund

Nemendur voru í sundi tvisvar í viku þar sem þeir taka tvö sundstig, það áttunda og níunda. Áhersla var lögð á fjölbreyttar sundaðferðir, þolsund, köfun, björgunarsund sem og aðra öryggisþætti er koma að vatni.

Námsmat: Símat yfir veturinn, ástundun, virkni og viðhorf.

Kennarar: Sigríður Guðjónsdóttir

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22. ágúst Skólasetning
- 11. september Gönguferð Skotsvæði-Fellsháls-Engidalur
- 18. september Skólahlaup ÍSí
- 1. október Foreldraviðtöl

- 8.–9.október Hópeflisdagar
- 10.október Íþróttahátíð í Bolungarvík
- 18.-22.október Vetrarfrí
- 6.-7.nóvember Þemadagar
- 29.nóvember Samsöngur á Silfurtorgi
- 6.desember Skreytingadagur
- 20.desember Litlu jólin
- 5.febrúar Foreldraviðtöl
- 20.-24.febrúar Vetrarfrí
- 26.-27.mars Árshátíð
- 11. – 21.apríl Páskafri
- 22.maí Heimsókn á Hrafseyri og Dynjanda
- 27.maí Hjólaferð í Hnífsdal – bekkjargrill með bekkjarfulltrúm
- 28.maí Leikjadagur 5.-10.bekkiar
- 2.júní Síðasti skóladaður
- 4.júní Skólaslit

Sara Rós Sigurðardóttir

9.bekkiur

Nemendur árgangsins voru 44 talsins, 22 strákar, 21 stelpa og eitt stálp. Umsjónarkennarar voru Bergþóra Sveinsdóttir/Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson. Stuðningsfulltrúi var Alma Björk Sigurðardóttir. Bergþóra Sveinsdóttir fór í leyfi frá áramótum /Kennsla eftir áramót.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum:

Danska - Íris Ösp Heiðrúnardóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Enska - Bergþóra Sveinsdóttir/Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Íslenska - Berglind Árnadóttir, Bergþóra Sveinsdóttir/Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Guðlaugur Valdimarsson

Íslenska sem annað mál - Magnúsína Laufey Harðardóttir

Íþróttir - Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir

Sund - Árni Heiðar Ívarsson

Lífsleikni - Bergþóra Sveinsdóttir/Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson

Náttúrufræði - Bergþóra Sveinsdóttir/Jelena Una Jóhannson og Sara Rós Sigurðardóttir

Samfélagsfræði - Bergþóra Sveinsdóttir/Jelena Una Jóhannson og Sara Rós Sigurðardóttir

Stærðfræði - Bergþóra Sveinsdóttir/Guðbjörg Halla Magnadóttir og Jón Hálfán Pétursson

Eftirtalin fög voru kennd: SNU, samþætting samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni, 5 stundir, stærðfræði 6 stundir, íslenska 6 stundir, enska 4 stundir, lífsleikni 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, áhugasvið 4 stundir og danska 4 stundir. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu. Einnig var hægt að fá tónlistarnám og íþróttaiðkun metna sem valgreinar

Kennsla fór fram í tveimur stofum, 213 og 216. Nemendum var skipt upp í tvo námshópa eftir námsgreinum. Tveir kennarar voru að mestu með hópinn, þ.e. einn með hvorum námshóp. Nemendur höfðu afnot af spjaldtölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár. Nemendur fengu afhentar Cromebook tölvur í desember og þá tóku þær við sem vinnutæki nemenda. Notast var við Google Classroom til að koma verkefnaupplýsingum til nemenda. Rafræn skil voru á mörgum verkefnum í gegnum Classroom þar sem nemendur skiluðu inn á ýmsan hátt, t.d Google

Sheets, Google Docs, Google Slides og fleira. Tölvur á bókasafni og í tölvuveri voru einnig notaðar við verkefnavinnu í ýmsum námsgreinum fyrir áramót.

SNU

SNU er samþætting námsgreinanna náttúrfræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Fyrirkomulagið var þannig að unnið var að ákveðnu þema í eina til þrjár vikur í senn. Þemu tengjast því efni sem áætlað var að fara yfir í 9.bekk og var reynt að brjóta veturinn upp með því að velja þema úr mismunandi námsgreinum til skiptis. Það námsefni sem notað var í SNU þennan veturinn var eftirfarandi: Um víða veröld – jörðin, Lýðræði og tækni, Styrjaldir og kreppa, Lífheimurinn, Efnisheimurinn og Eðlisfræði 1. Auk þess var ýmiskonar efni frá kennurum notað til að skerpa á ákveðnum atriðum.

Námsmat var gefið í hverri námsgrein fyrir sig jafnt og þétt yfir veturinn.

Kennarar: Bergþóra Sveinsdóttir/Jelena Una Jóhannsson og Sara Rós Sigurðardóttir

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 2A og 2B (nemendabók og æfingahefti), Almenn stærðfræði I og II.

Námstilhögun: Nemendum var kennt í tveimur námshópum 6 kennslustundir á viku. Útinám á fimmtudögum þar sem nemendur unnu margvísleg verkefni sem tengdust oftast þeim námsþáttum sem unnið var að hverju sinni. Jólaverkefni þar sem nemendur fengu úthlutað fjölskyldu og áttu að halda úti jólum með tilheyrandi kostnaði.

Námsmat: Símat: Kaflapróf og verkefni

Kennarar: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Guðbjörg Halla Magnadóttir, Berglind Árnadóttir (sérkennari) og Jón Hálfán Pétursson.

Íslenska

Námsgögn: Bókin Strákurinn í röndóttu náttfötunum var lesin um haustið en Gísla saga Súrssonar að vori. Verkefni valin úr Málið í mark

Námstilhögun: Nemendum var kennt í tveimur námshópum, 6 tímar á viku, á fimmtudögum var árganginum skipt í minni hópa í samræmi við sundtíma.

Unnin voru verkefni af ýmsu tagi í tengslum við bækurnar. Horft var á kvikmyndagerð fyrri bókarinnar. Í maí var farið á slóðir Gísla sögu í fylgd Elfars Loga. Nemendur skrifuðu lokaverkefni úr báðum bókunum. Í málfræði var valið efni úr Málið í mark (sagnorð). Að auki fengu nemendur efni frá kennara sem tengist orðaforða og málnotkun. Nemendur unnu ýmis verkefni í tengslum við ritun. Fingrasetning var æfð. Að auki fengu nemendur lesefni af ýmsum toga til að glíma við. Nemendur tóku tvö lesfímipróf.

Námsmat: Símat og tímapróf í málfræði.

Kennarar: Bergþóra Sveinsdóttir/Guðrún Ósk Ásmundsdóttir, Berglind Árnadóttir (á fimmtudögum) og Guðlaugur Viðar Valdimarsson.

Enska

Námsefni: Spotlight 9 lesbók og vinnubók ásamt léttlestrarbókum og öðru efni

Námsmat: Vinna yfir veturinn metin til lokaekunnar, vinna í tímum, hópastarfi, einstaklingsverkefni

Kennarar: Bergþóra Sveinsdóttir/Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Danska

Námsgögn: Tak lesbók og vinnubók B, Dejlige Danmark lesbók og vinnubók. Árstíðatengd þemaverkefni þar meðtalin ýmis útiverkefni auk þemaverkefna tengdum efni úr Tak og Dejlige Danmark. Nemendur horfðu á danskt myndefni af ýmsu tagi og hlustuðu á hlaðvörp sem tengdust daglegu lífi.

Símat: Öll skil svo sem tímaverkefni, hópverkefni, verkefnabækur, glærुकynningar og myndbönd með framsögn.

Kennarar: Íris Ösp Heiðrúnardóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjarfundir og nemendur fengu sérstaka fræðslu um hinsegin málefni og ókynbundin fornöfn.

Kennarar: Bergþóra Sveinsdóttir/Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson

Íþróttir

Útiþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Fjölbreytt hreyfing í formi göngu og útihlaups, hreyfileikja, boltaleikja ásamt því að nemendur kynnst fjölbreyttum íþróttagreinum. Nemendur efla líkamsvitund sína með þeim tilgangi að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Ástundun, virkni og viðhorf.

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir.

Skólasund

Nemendur voru í sundi tvisvar í viku þar sem þeir taka tvö sundstig, það áttunda og níunda. Áhersla var lögð á fjölbreyttar sundaðferðir, þolsund, köfun, björgunarsund sem og aðra öryggisþætti er koma að vatni.

Námsmat: Símat yfir veturinn, ástundun, virkni og viðhorf.

Kennari: Árni Heiðar Ívarsson.

Áhugasvið

Nemendur fengu frjálssar hendur með verkefni í annað hvert skipti og á móti var ákveðið yfirþema sem nemendur unnu út frá. Nemendur höfðu aðgang að heimilisfræðistofu, smíðastofu, textílstofu og myndmenntastofu þetta skólaárið. Unnið var í fjögurra vikna lotum og gerð skilahólf fyrir hvert tímabil í classroom.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22.ágúst Skólasetning
- 24.ágúst Gönguferð á Kistufell
- 19.september Skólahlaup ÍSÍ
- 1.október Samráðsdagur
- 10.október Íþróttahátíð í Bolungarvík
- 18.-21.október Haustfrí
- 6-7.nóvember Þemadagur
- 29.nóvember Samsöngur á Silfurtorgi
- 19.desember Samsöngur í tónlistarskóla með vinabekk
- 20.desember Litlu jólin
- 21.des - 6.janúar Jólafrí
- 5.febrúar Samráðsdagur
- 20.-21.febrúar Vetrarfrí
- 26.-27.mars Árshátíð, þema skólahald í 150 ár
- 31.mars Fuck me, Fuck you fræðsla um samskipti og mörk í rafræn. samskiptum
- 9.apríl Tónleikar á vegum Púkans, menningarhátíð Franch bræður í Hömrum
- 14.apríl - 22.apríl Páskafrí
- 21.maí Heimsókn í Raggagarð og Melrakkasetur í Súðavík með vinabekk

- 22.maí Heimsókn í Haukadal, söguganga á slóðum Gísla Súrssonar
- 27.maí Hjóla- og gönguferð í Tunguskóg
- 28.maí Íþróttadagur 5.-9.bekkjar
- 30.maí Íþróttadagur 1-4. Bekkur, aðstoð við stöðvastjórnun og hlauparar
- 2.júní Síðasti skóladagur
- 4.júní Skólaslit í Ísafjarðarkirkju

Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson

10. bekkur

Nemendur árgangsins voru 33 talsins fram að áramótum en 35 talsins frá áramótum, 19 strákar og 16 stelpur. Umsjónarkennarar voru Salome Elín Ingólfssdóttir og Jóhanna Ása Einarssdóttir. Stuðningsfulltrúi var Elva Jóhannsdóttir.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum:

Áhugasviðstímar - Bergþóra Sveinssdóttir, til áramóta, Jelena Una Jóhannsson, frá áramótum, Jón Heimir Hreinsson, Kjartan Ágúst Pálsson, Salome Elín Ingólfssdóttir og Sólveig Edda Vilhjálmsdóttir.

Danska - Íris Ösp Heiðrúnardóttir og Jóhanna Ása Einarssdóttir

Enska - Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Íslenska - Salome Elín Ingólfssdóttir og Jóhanna Ása Einarssdóttir

Íslenska sem annað mál - Magnúsína Laufey Harðardóttir

Íþróttir - Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir

Lífsleikni - Salome Elín Ingólfssdóttir og Jóhanna Ása Einarssdóttir

Náttúrufræði - Salome Elín Ingólfssdóttir og Jóhanna Ása Einarssdóttir

Samfélagsfræði - Salome Elín Ingólfssdóttir og Jóhanna Ása Einarssdóttir

Stærðfræði - Jón Hálfán Pétursson, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, til áramóta og Berglind Árnadóttir

Kennslugreinar

POTA (samþætting íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni) 12, stærðfræði 6, enska 4, íþróttir 2, danska 4, áhugasvið 2. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu. Einnig var hægt að fá tónlistarnám og íþróttaiðkun metna í valinu.

Kennsla fór fram í stofu 217/218. Tveir kennarar voru að jafnaði með hópinn og einn stuðningsfulltrúi. Nemendur höfðu afnot af chromebook sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur. Notast var við Google Classroom til að koma verkefnafræðingum til nemenda. Rafræn skil voru á mörgum verkefnum í gegnum Classroom þar sem nemendur skiluðu inn á ýmsan hátt, t.d Google Sheets, Google Docs, Google Slides og fleira. Spjaldtölvur voru einnig notaðar við ýmsa verkefnavinnu sérstaklega þegar þurfti að vinna kvikmyndaverkefni.

POTA

POTA er samþætting námsgreina íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Fyrirkomulagið var þannig að unnið var að ákveðnu þema í eina til þrjár vikur í senn. Þemu tengjast því efni sem áætlað var að fara yfir í 10. bekk og var reynt að brjóta veturinn upp með því að velja þema úr mismunandi námsgreinum til skiptis. Það námsefni sem notað var í POTU þennan veturinn var eftirfarandi:

Málið í mark – óbeygjanleg orð, Gísla saga, Akam, ég og Annika, Bragfræði, Hugfínnur, Málínnur, Maður og náttúra, Eðlisfræði 2, Á ferð um samfélagið, Frelsi og velferð og ýmis konar efni frá kennurum.

Námsmat var gefið í hverri námsgrein fyrir sig jafnt og þétt yfir veturinn.

Kennarar: Jóhanna Ása Einarssdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir.

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 3A og 3B (nemendabók og æfingahefti), Almenn stærðfræði II og III. Átta/tíu 5 og 6. Námstílhögun: Öllum nemendum kennt saman 6 kennslustundir á viku. Fimm af þeim tímum var hægt að fara í námsver. Á fimmtudögum var farið í verkefni sem byggðu á öðru en námsbókum og voru það ýmist útiverkefni eða fjölbreytt inniverkefni tengd þeim námsþáttum sem unnið var með hverju sinni. Farið var í nokkur skapandi verkefni t.d. verkefni tengt líkum, spilavist, verkefni um rúmfræði þ.e öskjuverkefni og herbergjaverkefni.

Námsmat: Símat: kaflapróf og verkefni.

Kennarar: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Jón Hálfán Pétursson og Berglind Árnadóttir.

Enska

Námsefni: Spotlight 10 lesbók og vinnubók ásamt léttlestrarbókum og öðru efni.

Námsmat: Vinna yfir veturinn metin til lokaeinkunnar, vinna í tímum, hópstarfi, einstaklingsverkefni.

Unnið með ritun, frásögn, hlustun, lesskilning, menningarläsi og námshæfni.

Kennarar: Salome Elín Ingólfsdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Danska

Námsgögn: Ekko lesbók og vinnubók. Árstíðatengd þemaverkefni þar meðtalin ýmis útiverkefni auk þemaverkefna gjarnan tengdum efni úr Ekko. Áhugasviðsverkefni ýmist sem einstaklingsvinna eða hópvinna. Símat: öll skil svo sem tímaverkefni, einstaklings- eða hópverkefni, kannanir, verkefnabækur, kynningar fluttar fyrir bekkinn og myndbönd með framsögn.

Kennarar: Íris Ösp Heiðrúnardóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Íþróttir

Útiþróttir út septembermánuð og í maímánuði. Fjölbreytt hreyfing í formi göngu og útihlaups, hreyfileikja, boltaleikja ásamt því að nemendur kynnast fjölbreyttum íþróttagreinum. Nemendur efla líkamsvitund sína með þeim tilgangi að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Ástundun, virkni og viðhorf.

Áhugasvið

Nemendur fengu frjálstar hendur með verkefni í annað hvert skipti og á móti var ákveðið yfirþema sem nemendur unnu út frá. Nemendur höfðu aðgang að heimilisfræðistofu, smíðastofu, textílstofu og myndmenntastofu þetta skólaárið. Unnið var í fjögurra vikna lotum og gerð skilahólf fyrir hvert tímabil í classroom.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 22.ágúst Skólasetning
- 11.-12.september Hornstrandaferð
- 19.september Ólympíuhlaup ÍSÍ
- 1.október Samráðsdagur
- 9.október Þórgímur Þráinsson
- 10.október Íþróttahátíð í Bolungarvík
- 18-21.október Haustfrí
- 6.-7.nóvember Þemadagar
- 29.nóvember Samsöngur á Silfurtorgi
- 20.desember Litlu jólin
- 24.janúar Þorablót
- 5.febrúar Samráðsdagur

- 31.mars Fuck me, fuck you fræðsla.
- 20.-21.febrúar Vetrarfrí
- 26.-27.mars Árshátíð: Þema skólahald í 150 ár
- 14.-22.apríl Páskafrí
- 21.-24.maí Skólaferð á Bakkaflöt
- 28.maí Skyndihjálparnámskeið RKÍ
- 30.maí Hjóladagur í Tunguskóg og grill
- 4.júní Skólaslit í Ísafjarðarkirkju

Salome Elín Ingólfssdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Stoðþjónusta

Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu

Deildarstjóri stoðþjónustu starfaði í 100% starfshlutfalli á skólaárinu og heldur hann utan um stoðþjónustu skólans, þar með talið störf þroskaþjálfra, sérkennara og stuðningsfulltrúa. Deildarstjóri stoðþjónustu tekur ákvarðanir um og ber ábyrgð á veittri stoðþjónustu skólans, úthlutun tíma í stoðþjónustu og tekur ákvarðanir um stoðþjónustu skólans. Deildarstjóri stoðþjónustu hefur einnig haldið utan um innleiðingu samþættrar þjónustu í skólanum, er tengiliður við fagaðila utan skólans, svo sem á sviði félagsmála og heilbrigðisþjónustu. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur líka utan um vinnu nemendaverndarráðs og stýrir fundum þess og dagskrá.

Megináhersla deildarstjóra stoðþjónustu á skólaárinu var að halda áfram að skerpa línur um stoðþjónustuna og skýra betur hvað telst til stoðþjónustu og hvað heyrir undir önnur verkswið, til að mynda verkswið náms- og starfsráðgjafa, umsónarkennara og annarra aðila. Einnig var það markmið deildarstjóra að auka skilning starfsfólks á stoðþjónustu, rétti til hennar, störfum stuðningsfulltrúa og hvað telst til stuðnings við nemendur í grunnskólum, ábyrgð ólíkra aðila á stuðningi við nemendur og fleira.

Úthlutaðir tímar í stoðþjónustu fyrir skólaárið voru alls 117. Var það nýtt með eftirfarandi hætti. Sérkennari á yngsta stigi var með 26 tíma í töflu, sérkennari á yngsta stigi hluta úr ári með 13 kennslustundir, sérkennari á miðstigi með 26 tíma, sérkennari á unglingsstigi með 26 tíma, sérkennari í íslensku sem öðru máli með 26 tíma, það sem eftir stóð var nýtt í námsaðstoð sem aðrir kennarar skólans sinntu á móti annarri kennslu. Einn þroskaþjálfari starfaði í þrjú mánuði með 26 tíma í töflu, en þeir tímar eru ekki hluti af úthlutun kennslu.

Stoðteymi

Stoðþjónusta skólans var af fjölbreyttum toga, sem fyrri ár. Við skólann í vetur störfuðu einn þroskaþjálfari lítinn hluta skólaársins og fimm sérkennarar. Saman mynduðu þessir starfsmenn stoðteymi skólans ásamt deildarstjóra. Fjórir sérkennarar voru allir í fullu starfshlutfalli en einn í hálfu og þrír sérkennarar voru einnig með önnur verkefni að hluta. Áður voru þroskaþjálfar tengiliðir samþættrar þjónustu en það var ekki í vetur þar sem viðvera þroskaþjálfra var svo lítil.

Þroskaþjálfari skólans vann þvert á allan skólann, út frá mati á þörfum nemenda þann tíma sem hann var að störfum. Sérkennarar voru skiptir á milli árganga þar sem sú skipting var talin henta vel miðað við fjölda umsókna um sérkennslu annarsvegar og sérþekkingu hvers og eins út frá aldri nemenda hinsvegar. Sérkennarar skiptu sér því með þeim hætti að einn sérkennari sinnti 1.-3.bekk, annar sinnti 4. bekk, sá þriðji 5.-7.bekk og sá fjórði 8.-10.bekk. Allir fjórir veittu sérkennslu í íslensku og stærðfræði. Á yngsta stigi var sérstök áhersla á lestur. Fimm tí sérkennarinn sá svo alfarið um kennslu í íslensku sem öðru máli (ÍSAT), þvert á skólann. Sú kennsla fór að hluta til fram í sér kennslustofu en einnig fór sérkennarinn inn í bekki, sérstaklega á yngsta stigi og vann þar með nemendum.

Ýmsir þættir höfðu áhrif á störf stoðteymis á skólaárinu og þar af leiðandi á veitta stoðþjónustu. Til að mynda var einungis einn þroskaþjálfari að störfum hluta skólársins en annars í veikindaleyfi, einn sérkennari var um tíma fenginn í bekkjarkennslu á elsta stigi vegna leyfa annarra kennara og sérkennari á yngsta stigi sinnti sérverkefni um tíma í tengslum við þarfir nemenda.

Deildarstjóri stoðþjónustu fundaði með stoðteymi skólans að jafnaði aðra hverja viku yfir skólaárið. Voru þar rædd ýmis mál er snertu veitta stoðþjónustu, vinnubrögð, skipulag þjónustunnar og fleira. Á þessum fundum voru rædd ýmis málefni er varða m.a. skimanir, leiðir til að vinna með nemendum með sérþarfir, leituðu ráða hver hjá öðrum og ýmis mál rædd er tengdust starfinu hverju sinni. Aðrir aðilar í stoðteymi skila einnig sér skýrslum um sín störf hér síðar.

Ýmis úrræði stoðþjónustu

Á öllum skólastigum var aðferðum blandað saman eftir þörfum og mati fagfólks innan skólans. Sérkennarar á öllum stigum voru því að einhverju leyti að fara inn í bekki og vinna með nemendum þar, en að einhverju leyti að bjóða nemendum með sér í annað rými þar sem vinna fór fram í litlum hópum. Hluti nemenda fékk samfellda þjónustu sérkennara í gegnum skólaárið á meðan unnið var með aðra nemendur hluta skólársins eða í lotum, út frá mati á þörfum hvers og eins. Vinna þroskaþjálfara með nemendum fór að miklu leyti fram í sér rými þroskaþjálfara, þó einnig væri farið í kennlustofur og víðar um skólann með þjálfunina eftir því hvað verið var að þjálfa hverju sinni.

Á skólaárinu bauðst nemendum á unglingastigi að sækja sér tíma í heimilisfræði og myndmennt, 80 mínútur á viku, sem aukning við verklegt nám á kostnað bóklegs. Þessir tímar voru í árekstri við aðrar bóklegar greinar í töflu nemendanna. Nemendur fengu þá að mæta í verklegu greinarnar í staðinn og voru þá kröfur í þeim bóklegu fögum sem árekstur varð við, minnkaðar á mótí. Einn nemandi var á samningi um atvinnutengt nám á skólaárinu, fjóra tíma á viku.

Önnur úrræði á vegum stoðþjónustu voru af ýmsum toga. Til að mynda voru nokkrir nemendur í fámenum sundtímum og íþróttatímum. Skert stundatafla var einnig nýtt í einhverjum tilvikum, sumir þurftu sér námsrými, þó nokkuð var um aðlagð námsefni og kröfur, sem og einstaklingsnámskrár. Margir nemendur á yngsta stigi nýttu sér heyrnartól (Peltor), pásur og rölt á milli verkefna í samráði við kennara og margt fleira. Þá sóttu tveir nemendur á yngsta stigi tíma hjá sjúkraþjálfurum á skólatíma, með fasta tíma í töflu og útvegaði stoðþjónustan stuðningsfulltrúa til að fylgja nemendum í þá tíma.

Deildarstjóri stoðþjónustu nýtti lista yfir margskonar stuðning og úrræði til að nýta með nemendum skólans og er undir heitinu Úrræðalisti GÍ. Var úrræðalistinn kynntur kennurum á kennarafundi og þeir hvattir til að nýta hann í vinnu með nemendum og á fundum með foreldrum eftir því sem á þyrfti að halda. Skrá þurfti hvaða úrræði á listanum var búið að reyna þegar kom að því að sækja um stoðþjónustu fyrir næsta skólaár, sem og fyrir tilvísun í sérfræðiþjónustu skólans hjá skólaskrifstofu. Úrræðalistinn var einnig nýttur á fundum með foreldrum í einhverjum tilvikum og gafst það mjög vel. Nýta þarf þennan lista enn betur á næsta skólaári sem leiðarvísi.

Stuðningsfulltrúar

Á skólaárinu störfuðu 19 stuðningsfulltrúar við skólann, í mismiklu starfshlutfalli. Deildarstjóri stoðþjónustu hélt utan um störf þeirra. Deildarstjóri fundaði um það bil mánaðarlega með stuðningsfulltrúum til að ræða ýmis mál varðandi starfið. Deildarstjóri ákvað að prófa að skipta staðsetningu nokkurra stuðningsfulltrúa upp á milli tveggja til þriggja hópa á viku, á vorönn og sjá hvernig það kæmi út fyrir þætti eins og þjónustu við nemendur, nýtingu mannauðs og líðan stuðningsfulltrúa í starfi. Reynslan af þessu er sú að allir þeir stuðningsfulltrúar sem prófuðu að skipta tíma sínum á milli ólíkra hópa líkaði það vel og töluðu um meiri fjölbreytni og að það væri gaman að brjóta daginn upp með því að fara á milli hópa. En tveir hópar væri líklega æskileg skipting en fleiri hópar of mikið. Dæmi um skiptingu sem þessa er að stuðningsfulltrúi taki fyrstu þrjár kennslustundir dagsins með einum hóp og skipti svo yfir í annan hóp, jafnvel á öðru stigi og klári daginn þar. Með þessum hætti nýttust stuðningsfulltrúar einnig betur, þ.e. þeir voru frekar á stöðum þar sem meiri þörf var til staðar, en síður á stöðum þar sem minni þörf var til staðar. Það eru nokkrir nemendur við skólann

sem þurfa aðstoð frá stuðningsfulltrúa í öllum athöfnum og verkefnum skóladagsins, allan skóladaginn en yfirleitt einhverjar kennslustundir eða athafnir þar sem minni þörf er á stuðningsfulltrúa en á öðrum tímum. Þá er tilvalið að stuðningsfulltrúi fari annað þar sem kraftar viðkomandi nýtast betur.

Stuðningsfulltrúar eiga rétt á undirbúningstíma innan síns vinnutíma ef verkefni þeirra krefjast þess. Allir þeir stuðningsfulltrúar sem vildu festa inn klukkutíma á viku í töflu, í undirbúningstíma fengu það aðrir sömdu við sína umsjónarkennara um vinnutilhögun. Þó nokkrir stuðningsfulltrúar unnu þannig störf að ekki þurfti undirbúningstíma.

Sérfræðiþjónusta

Ekki var starfandi talmeinafræðingur í föstu starfi hjá Ísafjarðarbæ á skólaárinu. Ísafjarðarbær samdi við talmeinafyrirtækið Tröppu um fjarþjálfun fyrir nemendur. Á næsta skólaári kemur líklega fólk frá Tröppu til að málþroskaprófa. Nokkrir nemendur sóttu þannig talþjálfun hjá Tröppu í fjarfundi með foreldrum á skólatíma. Lánuðu þá starfsmenn stoðþjónustu rými sín til þjálfunar og lánuðu stundum tölvur. Foreldrið mætti í skólann rétt áður en tíminn hófst og sérkennari lánaði vinnurými sitt til afnota á meðan á tímanum stóð hverju sinni. Einstaka nemendur sóttu tíma án foreldra og var þá starfsmaður skóla með nemandanum.

Tveir skólasálfræðingar voru með reglulegar komu í skólann á skólaárinu. Það voru Sólveig Norðfjörð og Björg Norðfjörð, en Sólveig var mun meira hér í skólanum, auk þess sem hún kom líka mikið inn í mál í samþættri þjónustu sem einn af tveimur innleiðingarstjórum sveitarfélagsins í samþættri þjónustu.

Skólasálfræðingar mættu í skólann alls 16 sinnum yfir skólaárið, mislengi í senn. Alls voru skólasálfræðingar með vinnslu í 32 málum á skólaárinu. Til stendur að sálfræðingar haldi fræðsluerindi fyrir foreldra í byrjun næsta skólaárs..

Þverfaglegt samstarf

Deildarstjóri stoðþjónustu stýrði fundum og dagskrá nemendaverndarráðs skólans. Nemendaráð fundaði alls átta sinnum á skólaárinu, eða um það bil mánaðarlega, fyrsta þriðjudag í mánuði. Í nemendaverndarráði skólaársins sátu, ásamt deildarstjóra stoðþjónustu; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri unglíngastígs, náms- og stafráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, fulltrúi frá skólaskrifstofu og fulltrúi frá barnavernd.

Teymi um mál nemenda innan skólans voru mörg og skiptist teymisstjórn niður á stoðteymi, eftir því hver var með vinnslu í málinu. Því gat fjöldi teyma hjá einstaklingum innan stoðteymis verið aðeins breytilegur, en flestir voru með um það bil 3-6 teymi hverju sinni. Sum þessara teyma eru í samþættri þjónustu, önnur ekki. Fjallað verður betur um samþætta þjónustu hér síðar. Þrír nemendur með teymi luku 10.bekk í vor.

Deildarstjóri stoðþjónustu var fulltrúi skólans í tveimur þverfaglegum samráðsteymum sem Heilbrigðisstofun Vestfjarða heldur utan um. Annarsvegar fjölskylduteymi BUGL sem eru samráðsfundir fagaðila hér fyrir vestan með Barna- og unglíngageðdeild (BUGL) og hinsvegar barnageðteymi sem er samráðsvettvangur aðila hér fyrir vestan um þjónustu við börn og unglínginga sem þurfa á fjölbættari aðstoð að halda, með áherslu á almenna heilbrigðisþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu og lyfjagjöf. Allir fundir með BUGL fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað en fundir með barnageðteymi á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Hlutverk deildarstjóra stoðþjónustu í báðum teymum var meðal annars að afla upplýsinga um gengi nemendanna í skólanum, með tilliti til náms, félagslegra samskipta og mætinga og koma með það sjónarhorn inn í þverfaglegar umræður um málin. Þessa fundi sátu gjarnan fulltrúi frá barnavernd, fulltrúi í fötlunarmálum, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur á heilsugæslu, barnalæknir og aðrir eftir þörfum.

Samþætt þjónusta

Innleiðing á samþættri þjónustu er komin á lokakaflann en tók mikið skrið fram á við á síðasta skólaári og er nú sú vinna í málum í samþættri þjónustu orðin að veruleika, þar sem fyrstu málin í samþættri

Þjónustu innan skólans voru undirrituð á haustönn 2024. Samþætt þjónusta er að verða samofin skólalastarfinu og 22 mál komin í samþætta þjónustu og fleiri á leiðinni næsta haust.

Mál á 1. stigi samþættrar þjónustu eru 18 talsins. Mál á 2. stigi eru tvö og á 3. stigi er eitt og er málstjóri í þeim málum á velferðarsviði, ýmist hjá barnavernd eða fötlunarþjónustu.

Enn er að slípast til samstarf á milli tengiliða og málstjóra varðandi hvernig best er að vinna saman að samþættingu, til að mynda varðandi verklag og samvinnu í málum sem eru á 2. stigi án þess að þurfa sérstakt inngríp á 1. stigi, eða í málum sem flutt hafa verið á milli stiga. Með meiri reynslu skýrist betur hvernig samstarfi og verkaskiptingu um þessi mál er best háttað á milli málstjóra og tengiliða. Samstarf milli sviða hefur verið mjög gott.

Vangaveltur eru um það af hálfu skólans hvort tengiliður og/eða deildarstjóri stoðþjónustu skuli alltaf sitja sjálfkrafa í stuðningsteymi, ásamt umsjónarkennurum og í einhverjum tilvikum fulltrúum stoðteymis skólans, eins og verið hefur í vetur, eða hvort hægt væri að fækka fulltrúum skólans í stuðningsteyminu og vega og meta betur hverjir þurfa að eiga fast sæti í teyminu. Að mati deildarstjóra stoðþjónustu er þetta eitthvað sem æskilegt væri að meta í hverju máli fyrir sig og er ekki æskilegt að það sé sjálfkrafa þannig að deildarstjóri, tengiliður í grunnskóla, umsjónarkennarar og jafnvel fleiri frá skólanum sitji í stuðningsteymi sjálfkrafa, ef þeir aðilar hafa ekki beina aðkomu að þjónustu við viðkomandi frá degi til dags. Þannig gætu til að mynda einn eða tveir aðilar með daglega aðkomu að málinu innan skólans setið í stuðningsteymi og þeir eða málstjóri komið viðeigandi upplýsingum á framfæri til deildarstjóra eða annarra innan skólans eftir þörfum, til að mynda ef stuðningsteymi ákveður að sækja um stoðþjónustu til deildarstjóra. Þetta gæti farið fram með svipuðum hætti og þegar tengiliðir mála á 1. stigi hafa samráð við aðila utan teymis í samráði við foreldra, ef talin er þörf á slíku. Samstarf deildarstjóra og tengiliða við málstjóra gekk vel á skólaárinu og eðlilegt að ýmislegt komi upp sem þarf að huga að þegar ný lög og vinnulag, á borð við samþætta þjónustu, eru innleidd. Samstarf tengiliða og málstjóra mun halda áfram að slípast til eftir því sem meiri reynsla kemur á samþætta þjónustu.

Tengiliðir í samþættri þjónustu á skólaárinu voru fimm framan af, þ.e. Arna Björk Sæmundsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu, Berglind Árnadóttir sérkennari, Magnúsína Laufey Harðardóttir sérkennari, Iwona Maria Samson og Birgitta Rós Björnsdóttir þroskaþjálfari. Undirrituð telur nauðsynlegt að breyta skipulagi tengiliða þannig að tími vinnist til að sinna málum í samþættri þjónustu eins og vera ber. Lagt er til að deildarstjórar yngsta, mið- og unglingsstigs verði tengiliðir ásamt þroskaþjálfara og náms- og starfsráðgjafa. Þannig geti deildarstjóri stoðþjónustu haft þá yfirsýn og veitt þann stuðning til starfsfólks sem mál af þessu tagi krefjast oft. Ef til kemur munu þessir aðilar taka námskeið tengiliða hjá Barna- og fjölskyldustofu í haust og hefja vinnslu í málum í framhaldinu, en allir aðilar stoðteymis hafa reynslu af því að halda utan um teymisvinnu um mál nemenda innan skólans, en það er reynsla sem kemur að góðum notuð í samþættri þjónustu.

Arna Björk Sæmundsdóttir

Skýrslur sérkennara

Íslenska sem annað mál

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir

Námsefni: Ýmsar lestrarbækur og lestrarvinnubækur, orðaforði úr námsbókum nemenda, Kæra dagbók 2 og 3, Einmitt lærum íslensku 1a, Árstíðir, Orð eru ævintýri, Litabækurnar af skólavefnum, Talking partners, Legó, krakkafréttir, ýmis spil, efni af vef og efni frá kennara.

Námstilhögun: Nemendur voru oftast í tveggja til fimm manna hópum í eina til fjórar kennslustundir á viku í námsveri skólans.

Unnið var með íslenska stafrófið og hljóð stafanna, orðaforða og málörvun. Mikið var lesið og unnið með lesskilning, endursögn, orðaforða, ásamt því að vinna með einfalda málfræði. Þá voru stundum spiluð málörvunarspil. Einnig var mikið talað um allt mögulegt tengt námsefninu eða bara því sem var að gerast í samfélaginu.

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir

Námstilhögun: Nemendur voru oftast í tveggja til fimm manna hópum í eina til fjórar kennslustundir á viku í námsveri skólans. Nemendur voru í 1.-10.bekk og skipt í hópa eftir aldri.

Námsefni: Ýmsar lestrarbækur og lestrarvinnubækur, orðaforði úr námsbókum nemenda, Kæra dagbók 2 og 3, Litabækurnar af skólavefnum, Talking partners, Legó, ýmis spil, efni af vef og efni frá kennara. Unnið var með íslenska stafrófið og hljóð stafanna, orðaforða og málörvun. Mikið var lesið og unnið með lesskilning, endursögn, orðaforða, ásamt því að vinna með einfalda málfræði. Þá voru stundum spiluð málörvunarspil. Einnig var mikið talað um allt mögulegt tengt námsefninu eða bara því sem var að gerast í samfélaginu. Ekki var formlegt námsmat í íslensku sem annað mál.

Magnúsína Laufey Harðardóttir

Sérkennsla í 3.bekk

Kennari: Iwona Maria Samson

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi:2

Námstilhögun í íslensku: Nemendur unnu með ýmsu efni til að efla lestur og lesskilning. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum. Unnið var með nemendur í sérkennslustofu.

Námstilhögun í stærðfræði: Nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði og höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Unnið var með nemendur í sérkennslustofu.

Námsefni í íslensku: Námsefni frá sérkennara.

Námsefni í stærðfræði: Sproti 3a og 3b nemendabók og æfingahefti og verkefni frá sérkennara.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn og Orðarún einu sinni á önn.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.

Ég tók við hópnum í maí en vinnan gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.

Sérkennsla í 4. bekk

Kennari: María Lárusdóttir

Námsefni: Mest var unnið með sprota þannig að nemendur héldu í við bekkjarfélaga og fengu kennslu þar til þau skildu efnið. Einnig var farið eitthvað í stafsetning og ritun. Í Félagsfærni var farið í félagsfærnisþilið ásamt fleiri spilum.

Námstilhögun: Árgangurinn var með 10 kennslustundir á viku. Nemendur komu mest saman í fjögurra manna hópum þar sem þau unnu í stærðfræðibókinni sinni á lásu fyrir kennarann í lestrarbókum ásamt fleiri verkefnum. Í félagsfærni var unnið með félagsfærnisþilið ásamt öðrum spilum.

Sérkennsla í 5. bekk

Kennari: Iwona Maria Samson

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 9

Námstilhögun í íslensku: Nemendur sem þörfuðust aðstoðar vegna slaks lestrarhraða eða skilnings. Unnið var með litla hópa í sérkennslustofu og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum eða inni í bekk. Hóparnir unnu með ýmsu efni til að efla lestur og lesskilning. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Námstilhögun í stærðfræði: Nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði og höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Unnið var með nemendur í sérkennslustofu og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum.

Námsefni í íslensku: Málrækt 1, Lestrarkassinn, Félagsfærnisplið og annað námsefni frá sérkennara og kennara.

Námsefni í stærðfræði: Stika 1a og 1b nemendabók og æfingahefti og verkefni frá kennara og sérkennara.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn og Orðarún einu sinni á önn.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.

Vinnan gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.

Sérkennsla í 6. bekk

Kennari: Iwona Maria Samson

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 6

Námstilhögun í íslensku: Nemendur sem þörfuðust aðstoðar vegna slaks lestrarhraða eða skilnings. En það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum. Hóparnir unnu með ýmsu efni til að efla lestur og lesskilning. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Námstilhögun í stærðfræði: Nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði og höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Unnið var með nemendur í sérkennslustofu og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum.

Námsefni í íslensku: Lestrarkassinn, Skrifað í skrefum, Félagsfærnisplið, 100ord.is. og annað námsefni frá sérkennara.

Námsefni í stærðfræði: Stika 2a nemendabók og æfingahefti og æfingar í reikningsaðferðum fjórum auk ýmissa verkefna frá sérkennara og kennara.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku meðal annars þrjú lesfímipróf yfir veturinn, Orðarún einu sinni á önn og ýmis önnur verkefni voru metin til einkunnar.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.

Vinnan gekk vel og góð samvinna var við umsjónarkennara.

Sérkennsla í 7. bekk

Kennari: Iwona Maria Samson

Námgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 6

Námstilhögun í íslensku: Nemendur sem þörfuðust aðstoðar vegna slaks lestrarhraða eða skilnings. Höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Unnið var inni í bekk.

Námstilhögun í stærðfræði: Nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði. Höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Unnið var inni í bekk.

Námsefni í íslensku: Lestrarbækur, Skrifað í skrefum, Lestrarkassinn, 100ord.is., Málrækt 3, Orðspor 3, lesbók og vinnubók, Þriðji smellur, skrift í stílabók, Gunnlaugs saga og stafsetningaræfingar.

Námsefni í stærðfræði: Stika 3a og 3b nemendabók og æfingahefti, annað verkefni frá kennara.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku meðal annars þrjú lesfímipróf yfir veturinn, Orðarún einu sinni á önn og ýmis önnur verkefni voru metin til einkunnar.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.

Sérkennslutímar voru færðir inn í bekkjarstofu og samvinna á milli sérkennara, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa var mjög góð. En það voru samt einhverjir nemendur sem myndu læra betur í litlum hópi hjá sérkennara.

Sérkennsla í 8. bekk

Kennarar: Berglind Árnadóttir og Iwona Maria Samson

Námsgreinar: Félagsfærni, íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 4 kennslustundir á viku í íslensku og 4 kennslustundir fóru í stærðfræði, ásamt einni kennslustund í félagsfærni.

Tímabil: allt skólaárið

Staðsetning: námsver

Nemendafjöldi: 5 nemendur í íslensku og 9 í stærðfræði

Námsefni í íslensku: ýmiskonar leifturspjöld, heimatilbúið námsefni og ýmiskonar textar notaðir

Námsefni í stærðfræði: Skali 1A og 1B nemendabók og æfingahefti, Almenn stærðfræði I, Stærðfræði 8+ og þrautir

Námsmat í íslensku: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn og Orðarún einu sinni á önn. Einn nemandi var með aðlagað námsmat

Námsmat í stærðfræði: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku léttari kannanir en heildin tók eftir hvern efnispátt. Fimm nemendur voru með aðlagað námsmat

Námstilhögun í íslensku: Áhersla var á lestrarþjálfun og að auka orðaforða og lesskilning nemenda með lestri, hlustun og spjalli, einnig að auka færni í málfræði og stafsetningu.

Námstilhögun í stærðfræði: Árganginum var fylgt hvað varðaði efnisatriði stærðfræðinnar en sumir fengu minna magn að glíma við og sérútbúið námsefni í grunnfærni.

Í félagsfærni var spjallað var um námsefni sem nemandi vann í íslensku, stærðfræði eða ensku og félagshærni og tilfinningaorðarforði unnið samhliða.

Byrjaði með tímana í maí og vinnan gekk nokkuð vel þó að nemandi sýndi ekki alltaf mikinn áhuga fyrir spjallinu.

Sérkennsla í 9. bekk

Sérkennari: Berglind Árnadóttir

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 3 kennslustund á viku í íslensku og 5 kennslustundir fóru í stærðfræði

Tímabil: allt skólaárið

Staðsetning: námsver

Nemendafjöldi: 9 nemendur í íslensku og 5 í stærðfræði

Námsefni í íslensku: Hitt og þetta, krossgátur, ýmiskonar leifturspjöld, heimatilbúið námsefni og þjálfunarefni í lestri og ýmiskonar textar notaðir fyrir les- og hlustunarskilning

Námsefni í stærðfræði: Skali 2A og 2B nemendabók og æfingahefti, Almenn stærðfræði I og II og Áttatíu 3 og 4

Námsmat í íslensku: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn og Orðarún einu sinni á önn.

Námsmat í stærðfræði: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Sérkennslunemendur tóku léttari kannanir en heildin tók eftir hvern efnispátt og voru því með aðlagað námsmat

Námstilhögun í íslensku: Áhersla var á lestrarþjálfun, að auka orðaforða og lesskilning nemenda með lestri, hlustun og spjalli, einnig að auka færni í málfræði og stafsetningu.

Námstilhögun í stærðfræði: Árganginum var fylgt hvað varðaði efnisatriði stærðfræðinnar en sex nemendur fengu minna magn að glíma við.

Sérkennsla í 10. bekk

Sérkennari: Berglind Árnadóttir

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 1 kennslustundir á viku í íslensku og 5 kennslustundir fóru í stærðfræði

Tímabil: allt skólaárið

Staðsetning: námsver

Nemendafjöldi: 6 nemendur í íslensku og 3 í stærðfræði

Námsefni í íslensku: Hitt og þetta, krossgátur, les- og hlustunarskilningsefni, ýmiskonar leifturspjöld og heimatilbúið námsefni og ýmiskonar textar notaðir.

Námsefni í stærðfræði: Skali 3A og 3B nemendabók og æfingahefti og til viðbótar valið efni úr Almennri stærðfræði I, II og III, Átta - tíu 3, 5 og 6 og Vinkli.

Námsmat í íslensku: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn, Orðarún einu sinni á önn.

Námsmat í stærðfræði: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Sérkennslunemendur tóku léttari kannanir en heildin tók eftir hvern efnispátt. Þrír nemendur voru með aðlagað námsmat

Námstilhögun í íslensku: Áhersla var á að auka orðaforða og lesskilning nemenda með lestri, hlustun og spjalli, einnig að auka færni í málfræði og stafsetningu.

Námstilhögun í stærðfræði: Árganginum var fylgt hvað varðaði efnisatriði stærðfræðinnar en þrír nemendur fengu minna magn að glíma við.

Skýrslur þroskaþjálfar

Tveir þroskaþjálfar störfuðu við skólann á skólaárinu. Störf þroskaþjálfar á skólaárinu voru ekki hefðbundin að því leyti að báðir þroskaþjálfar voru í veikindaleyfi.

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2023 til 2024 var starfandi náms- og starfsráðgjafi við grunnskólann í 60% starfshlutfalli. Viðfangsefni vetrarins voru frá öllum skólastigum og verkefnin mismunandi eftir aldri og aðstæðum.

Yngsta stig: á yngsta stigi eru verkefnin aðallega fólgin í því að aðstoða börnin við að venjast skólagöngu, sitja kyrr, hlusta á kennarann og annað starfsfólk, fylgja fyrirmælum og þess háttar. Þó koma ætíð upp samskiptaörðugleikar sem þarf að leysa úr, sérstaklega í frímínútum og vanlíðan í stöku tilfellum.

Miðstig: Á miðstigi eru vandamál sem upp koma farin að vera meira í formi samskiptaörðugleika, vanlíðunar auk þess að læra að setja sjálfum sér og öðrum viðeigandi mörk í hegðun. Þá eru námsörðugleikar einnig að koma skýrar í ljós eftir því sem námsefnið verður flóknara og meira krefjandi.

Unglingastig: Í upphafi skólaárs eru tekin stutt viðtöl við nemendur í 8. 9. og 10. bekk. Rætt er um áhuga á framhaldsnámi, líðan í skólanum og útkljáð vandamál, ef einhver, sem upp hafa komið á skólagöngunni. Öllum er ætíð boðið að sækja þjónustu námsráðgjafa að vild.

Námsráðgjafi hittir börn einslega, tvö og tvö saman eða í litlum hópum eftir því hvað umsjónarkennari telur henta best í hvert sinn. Viðtöl við kennara fara nær öll óformlega fram á þeirra vinnusvæði eða þar sem næði fékkst til að ræða einslega saman. Rætt er við foreldra eða þeim sendur tölvupóstur með upplýsingum þegar tilefni þótti til eða foreldrar æskja þess.

Önnur störf: Náms- og starfsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi, fundi eineltisteymis, og forvarnarteymis gegn kynferðisofbeldi auk þess að vera hluti af innra mats teymi grunnskólans. Námsráðgjafi hélt utan um tengslakannanir sem gerðar voru innan allra bekkjardeilda frá 1. upp í 10. bekk og lagði fyrir skimunarpróf úr Talnalyklinum í 3. og 6. bekk. Náms- og starfsráðgjafi hefur unnið önnur þau störf sem til hafa fallið og stuðla að betri skólagöngu barna í grunnskólanum.

Inga Bára Þórðardóttir

Sérgreinar

Heimilisfræði

1. bekkur

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Í vetur voru 45 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Nemendur voru 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á hvoru tímabili. Stuðst var við kennslubókina Gott og gaman en einnig var notað annað efni við kennsluna. Helstu þættir sem farið var inn á voru almenn heimilisstörf, hvernig börnin geta hjálpað til á heimilum, hvernig við eigum að ganga snyrtilega um, einnig persónulegt hreinlæti. Kynnt voru helstu áhöld, fæðuhringurinn skoðaður og rætt heilmikið um mun á hollum og óhollum mat. Í framhaldi af því var fjallað um tannheilsu og afleiðingar lélegs mataræðis. Nemendur fengu að æfa sig í notkun hnífa og nokkurra einfaldra áhalda. Þau fengu einnig svólítið að kynnst bakstri. Helstu markmið sem unnið var út frá voru að nemendur myndu kynnst einföldum áhöldum í eldhúsi og tileinka sér gildi hollrar næringar. Einnig að nemendur tileinkuðu sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið og lærðu jákvæð samskipti við borðhald. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

2. bekkur

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Í vetur voru 38 nemendur í 2. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Bókin Heimilisfræði 2 var notuð. Megin áherslur í kennslunni voru svipaðar og í 1. bekk en öllu meiri áhersla var lögð á verklega kennslu og hreinlæti. Nemendur lærðu að vaska upp og ganga frá og fengu þjálfun í því. Farið var betur í fæðuhringinn og nemendur fengu að spreyta sig á ýmsum einföldum réttum. Helstu markmið kennslunnar voru þjálfun í samvinnu og samskiptum, vinnubrögðum, meðferð áhalda, áhersla á hollustu og heilbrigði og umhverfisfræðsla. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

3. bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 41 nemandi í 3. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Bókin Heimilisfræði 3 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur þjálfuðust í samvinnu, samskiptum, sjálfstæðum vinnubrögðum, notkun eldhúsáhalda og öðluðust frekari leikni í heimilisstörfum. Lögð var áhersla á tengsl hollustu og heilbrigðis, mikilvægi hreinlætis og komið var inn á þætti sem falla undir umhverfisvernd. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

4. bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 46 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil yfir veturinn. Bókin Heimilisfræði 4 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur fengu áframhaldandi þjálfun í meðferð áhalda og tækja. Í lok tímabilsins áttu þau að geta matreitt einfalda rétti og bakað eftir einföldum uppskriftum. Nemendur fengu kynningu og nokkra þjálfun í sambandi við helstu hugtök í næringarfræði og tengsl hollustu og heilbrigðis. Þeir áttu að tileinka sér þekkingu varðandi slyshættu á heimilum og helstu bjargar í þeim efnum. Komið var inn á mikilvægi hreinlætis og lögð áhersla á snyrtimennsku jafnt í eldhúsinu sem persónulegt hreinlæti. Komið var inn á umhverfismennt, flokkun og fleira þess háttar. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

5. bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 27 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Samhliða verklegri kennslu fengu nemendur einnig bóklega fræðslu af ýmsu tagi en stuðst var að nokkru leyti við bókina Gott og gagnlegt 1. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka leikni nemenda í meðferð áhalda í eldhúsi og þjálfa þau markvisst í matreiðslu, bakstri og góðum vinnubrögðum. Nemendur fengu fræðslu um hvernig varast mætti þær hættur sem geta verið á heimilum. Lögð var áhersla á fræðslu um hollustu og heilbrigði auk umræðunnar um nauðsyn hreinlætis við matreiðslustörf. Þó nokkur áhersla var lögð á umhverfisvernd og endurvinnslu. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

6. bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 29 nemendur í 6. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Stuðst var að nokkru leiti við bókina Gott og gagnlegt 2. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka þekkingu á helstu næringarefnum og hlutverkum þeirra. Einnig var áhersla á að nemendur gerðu sér grein fyrir því að rétt fæðuval og góðar matarvenjur hafa mikla þýðingu fyrir góða heilsu sem og hæfileg hreyfing og hvíld. Unnið var með markmið um jákvætt viðhorf til umhverfisverndar. Lögð var mikil áhersla á að nemendur tileinkuðu sér hreinlæti og snyrtimennsku. Þá er átt við persónulegt hreinlæti en einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum. Nemendur fengu fræðslu um góða borðsiði og lögð var áhersla á mikilvægi þess að eiga ánægjuleg samskipti við borðhald. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

7. bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 49 nemendur í 7. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum. Helstu markmið kennslunnar í 7. bekk voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hæfileg næring, hreyfing og hvíld er ein meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Unnið var með helstu hugtök í næringarfræði og skoðað hvar þessi næringarefni er helst að finna í fæðunni. Útlit, gæði og geymsla matvæla voru tekin fyrir. Áhersla var á að nemendur gætu matreitt og framreitt einfaldar máltíðir eftir greinargóðum uppskriftum og leiðbeiningum og sýnt góð og markviss vinnubrögð. Áfram var unnið með umhverfismennt. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

Valgrein í hræringi á miðstigi (5.-7. bekkur)

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Á skólaárinu voru 48 nemendur í vali/hræringi á miðstigi í valfaginu Ræktun og bakstur. Nemendur fóru í vettvangsferðir að hausti – tíndu sveppi og ber og huguðu að uppskeru í skólagarði. Þeir ræktuðu grænmeti, kryddjurtir og sumarblóm sem ýmist var farið með heim eða plantað út í skólagarði að vori. Inn á milli var bakstur og önnur slík verkefni. Ekkert formlegt námsmat var í valfaginu.

8. bekkur

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Í vetur voru 48 nemendur í 8. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju og fékk hver hópur 2 tímabil á vetrinum.

Farið var markvisst í fræðslu um heilbrigðan lífsstíl og áhrif góðrar næringar á andlega og líkamlega heilsu. Nemendur kynntust helstu hugtökum í næringarfræði og fengu fræðslu um hvar þessi næringarefni er að finna í fæðunni. Farið var yfir íslenskar ráðleggingar um mataræði og næringarefni auk þess sem rætt var um hvað nemendur vilja fá út úr matnum sem þeir borða og til hvers þeir þurfa að nota orkuna. Nemendur fengu annars áframhaldandi þjálfun í matreiðslu og bakstri með áherslu á snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg hæfniviðmið.

Valgrein á unglingsstigi (9.-10.bekkur)

Kennarar: Guðlaug Jónsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

Í vetur voru nemendur í heimilisfræðivali á unglingsstigi 64 talsins, þar af voru 7 frá Suðureyri. Nemendum var skipt niður í 5 hópa, 3 hópar fyrir áramót og 2 eftir áramót. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur hálfan veturinn.

Kennslan var að langmestu leyti verkleg. Áhersla var lögð á góða næringu og voru flestar uppskriftir sem unnið var með hollar og næringarríkar. Einnig fengu nemendur þjálfun í því að útbúa rétti án hefðbundinnar uppskriftar. Verkleg kennsla var í öllum tímum en auk markmiða um hollustu og heilbrigða lífshætti voru önnur markmið eins og þau að nemendur yrðu sjálfbjarga þegar kæmi að bakstri og matreiðslu, kynnu að þrifa í kringum sig og fengju tækifæri til þess að þjálfa eigin sköpunarhæfni.

Auka heimilisfræði fyrir nemendur í 9.-10.bekk

Kennari: Salóme Elín Ingólfssdóttir

Í vetur voru 8 nemendur í sérkennslu á unglingsstigi í heimilisfræði. Nemendur fengu tvær kennslustundir á viku allan veturinn. Hópurinn var einstaklega vel saman settur og tóku allir virkan þátt í þeim tímum sem þeir mættu. Markmið kennslunnar voru fyrst og fremst þau að efla sjálfstæði nemenda og gera þau eins sjálfbjarga og hægt væri við ýmis heimilisstörf. Verkleg kennsla var í öllum tímum þar sem nemendur elduðu og/eða bökuðu oftast eftir uppskriftum en stundum fengu þeir aðeins grófar leiðbeiningar og hráefni í hendurnar og þurftu að útbúa máltíð úr því. Meðfram verklegu kennslunni var laumað inn fróðleik í sambandi við hollustu og heilbrigði og ýmislegt annað.

Stuðningsfulltrúi var í nær öllum tímum sem nýttist afar vel.

Guðlaug Jónsdóttir, Salóme Elín Ingólfssdóttir og Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Íþróttir

Íþróttir 1.-4. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Kennslan gekk vel, var fjölbreytt og engin teljandi vandræði urðu, engin slys. Sparkvöllur við lóð grunnskólans var mikið notaður við útikennslu sem og önnur útisvæði. Viðfangsefni vetrarins voru fjölbreytt: Boltaleikir, leikir, fimleikar, frjálssar íþróttir, badminton, blak, samvinnuleikir, hugtakaleikir, þol og styrktaræfingar ásamt öðru sem tilgreint er í aðalnámsskrá grunnskóla.

1.-4. bekkur tekur þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ, áður Norræna skólahlaupið, sem er í september ár hvert. Í lok maí var haldinn íþróttar og leikjadagur á Torfnesi frá 9:00 – 11:30 og heppnaðist hann vel. MOT hreyfingarskapóf er tekið hjá öllum nemendum 1. bekkjar.

Kennarar: Lillý Viðarsdóttir, Árni Heiðar Ívarsson, Sigbór Snorrason og Sigríður Guðjónsdóttir.

Íþróttir 5.-10. bekkur:

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálssar, samvinnuleiki auk þess sem meiri

áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Íþróttastaðan við Torfnæs svæðið er fullkláruð og hentaði svæðið betur til kennslu heldur en árið á undan.

10. bekkur var með 3 íþróttatíma þennan vetur þar sem þau hafa lokið 10. sundstigi, Þriðji íþróttatíminn var í formi útivistar. Námsmat fer fram með símati auk prófa í þolgreinum, virkni, viðhorfi og ástundun.

Á hverju skólaári eru ýmsir viðburðir sem eru fastir liðir og má þar nefna Ólympíuhlaup ÍSÍ sem haldið er í september og Skólahreysti í maí. Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin þetta skólaárið til mikillar gleði og tókst vel til.

Haldinn var íþróttadagur á Torfnesi fyrir 5.-9. bekk þar sem nemendur prófa fjölbreyttar íþróttagreinar eins og boðhlaup og bogfimi. Gekk þessi dagur mjög vel og var mikil virkni hjá öllum stigum.

Kennarar: Lillý Viðarsdóttir, Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir.

Sund 1.-4. bekkur:

Unnið var með grunnþætti helstu sundaðferða, bringusund, skriðsund, baksund, arm og fótatök æfð, leikir, köfun, grunnþættir björgunar, flot, stunga og annað tilkallandi. Mun meiri áhersla er á tækni og ánægju heldur en hraða og keppni. Töluverðar framfarir nást í sundkennslu á þessum árum og því mikilvægt að börnin mæti vel og ekki sé mikið að falla niður kennsla, því einungis er um að ræða einn tíma á viku. Lögð er áhersla á öruggt og gott umhverfi þar sem öryggi og gleði barnsins er í fyrirrúmi. Froskalappir eru mjög þýðingamikið kennslutæki hjá þessum aldurshóp og var staðan á þeim góð þetta árið. Einnig var notast við önnur hjálpartæki. Tekin var ákvörðun að sundkennsla sé til 1. júní en þá hefst sumaropnun fyrir almenning.

Kennarar: Lillý Viðarsdóttir, Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir.

Sund 5.-9. bekkur:

Áframhaldandi kennsla með grunnþætti sundkennslunnar, en gerðar meiri kröfur eftir því sem ofar dregur. Áfram lögð áhersla á öryggi barna og unglunga og verið að höfða til þess að þau fari í sund í frítíma sínum og hafi ánægju af því að vera í vatni. Tímatökur og aðrir færniþættir sem tilgreindir eru í aðalnámsskrá hafðir til hliðsjónar við námsmat. 6. 8. og 9. bekkur fara í fatasund á hverju vori og er mikil spenna fyrir þá tíma. Þá gefst þeim tækifæri til að synda í niðþungum fötum. Björgunarsund ásamt öðrum þáttum er snúa að öryggi í vatni teknir fyrir.

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir.

Annað.

Í vetur var boðið upp á val í frjáls íþróttum, skólahreysti og útivist og leikjum í hræringi. Krakkarnir fengu kynningu á grunninum í frjáls íþróttum eftir því sem leið á var farið í flóknari æfingar. Einnig var boðið upp á áfangann líkamsrækt og þjálfun og skólahreysti á unglingsstigi sem valgrein. Gekk það mjög vel og krakkarnir áhugasamir. Kennt var tvöfaldan tíma í hverri viku hjá krökkunum á miðstigi og einn til tvo á unglingsstigi.

Kennarar: Sigríður Guðjónsdóttir og Árni Heiðar Ívarsson.

Hönnun og smíði

1. bekkur

Kennari: Linda Kristín Grétarsdóttir.

Í vetur voru nemendur í 1. bekk 45. Þeim var skipt upp í 4 hópa. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tveimur tímabilum. 7-8 skipti á haustönn og 8-9 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 1. bekk og við höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og úr verkefnasafni í smíðastofunni við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru, voru skórin minn þar sem nemendur bjuggu til stykki til þess að æfa sig að reima, mósaíkmynd á krossviðarplötu og vorblóm. Þær kennsluáðferðir

sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

2.bekkur

Kennari: Linda Kristín Grétarsdóttir.

Í vetur voru nemendur í 2.bekk 38. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tveimur tímabilum. 8 skipti á haustönn og 8 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 2. bekk og við höfðum til umráða í smíðastofunni. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að nýta afgangsefni í frjálst verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Verkefnin sem unnin voru, voru skórinn minn þar sem nemendur bjuggu til stykki til þess að æfa sig að reima, stafurinn minn og klemmurammi. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

3.bekkur

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur var 41 nemandi í 3.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 2 samfelldar kennslustundir á viku á tveimur tímabilum, 8 skipti á haustönn og 8 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 3. bekk og höfð voru til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru furðufugl, mósaíkmynd úr tré skreytt með flísum og skrautsteinum, pennastatif. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjálst verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

4. bekkur

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 46 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 4 kennslustundir í viku á tveimur tímabilum, 8 skipti á haustönn og 9 á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 4. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru var lítið dúkku/bangsarúm (samvinna með textílmenn þar sem nemendur saumuðu sæng og kotta) og myndarammi sagaður út í krossvið, málaður og skreyttur. Nemendur völdu sér síðan mynd ýmist af netinu eða komu með heiman frá sér. Myndin var síðan plöstuð og límd í rammann. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

5. bekkur

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 27 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir og 1 staka í viku á tveimur tímabilum. 11 skipti á haustönn og 11 skipti á

vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 5. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru æfingastykki á tifsög, tímaritabox, stopmotion mynd þar sem nemendur gerðu söguþráð, sköpuðu persónur og söguvið úr alskyns efni sem fallið hefur til í smíðastofunni og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

6.bekkur

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 29 nemendur í 6.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir og eina staka í viku á tveimur tímabilum. 11 skipti á haustönn og 11 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 6. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru seríulampi, eldhúsrúllustandur og frjálst verkefni ef tími gafst með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

7.bekkur

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 49 nemendur í 7.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 4 kennslustundir á viku á tveimur tímabilum, 2 samfelldar kennslustundir í 8-9 skipti á haustönn og 8-9 skipti á vorönn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 7. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin kassi/box með loki og skraut/skurðarbretti. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

8. bekkur

Kennari Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 48 nemendur í 8. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 4 kennslustundir í viku 2 tímabil hver hópu yfir veturinn. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 8. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af einu skylduverkefni, en þegar nemendur kláruðu það verkefni fengu þeir að vinna frjálst aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru leikfangalest, sólstóll og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni ef tími gafst með það að markmiði

að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

9.-10. bekkur

Valfag: Smíði og hönnun

Kennari Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru nemendur í smíði og hönnun á unglingastigi 19, þar af voru 3 nemendur frá Suðureyri. Þeim var skipt niður í 2 hópa, 1 hópur á haustönn og 1 á vorönn. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum á unglingastigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af frjálsum verkefnum eða með það að markmiði að læra og æfa sköpun og að skipuleggja sig í vinnu. Meðal þess sem unnið var má nefna; hillur, kökubakkar, lyklakippur, stólar, kistlar og kassar, myndarammar, tréskeiðar og leikföng. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

Textílmennt

3.bekkur

Nemendur í 3 bekk lærðu að meðhöndla nál, muninn á réttu og röngu og þræða uppá í verkefni sem gekk út á að sauma út nokkrar gerðir af sporum m.a. krosssaum, þau munu taka verkefnið með sér á næsta ár þegar þau fara í vélsaum. Við gerðum vefnaðarverkefni þar sem þau gera sér grein fyrir grunninum í textíl á lítill spjöld, þau taka það líka með sér á næsta ár þar sem við gerum meira úr því. Reyni eftir fremsta megni að ræða við þau um endurnýtingu og fer yfir mism gerð efna. Í því samhengi gerðum við verkefni sem gekk út á að koma hugmynd á blað (teikningu) og útfærðum yfir í textíl þar sem þau meðhöndluðu skæri og fengu að vinna með mism tegundir efna og í lokin skrifuðu niður á blað þær tegundir sem þau settu í myndina.

4.bekkur

Nemendur í 4 bekk lærðu á saumavél. Fyrsta verkefni var að sauma sér sæng og kotta í tvívíð sem var samvinnuverkefni með smíðum. Annað verkefni var að gera poka eða tösku í þrívíðu formi þar sem ég hafði snið tilbúin. Takmarkið þar var að kynnst því að taka eftir sniðum, mun á réttu og röngu, tileinka sér áhöld greinarinnar og vönduð vinnubrögð. Gerðum Litlar fígúrur handsaumur þar sem unnið var með nálina og mismunandi gerðir af sporum. Einnig var rætt um nýtingu á textíl og hvernig mætti endurnýta sem verður nýtt sem undanfari fyrir næstu önn.

5.bekkur

Nemendur í 5 bekk. Lærðu á saumavél, þræðingar bæði á spólu og svo vélina sjálfa, saumuðu mism spor og fengu útskýringu með tilgangi þeirra. Saumuðu poka eða tösku úr þrívíð þar sem þau tóku upp sniðin sjálf, bættu við saumförum og tóku yfir í efni. Saumuðu síðan eftir uppskrift og skreyttu ef áhugi var til staðar. Handsaumuðu sér litlar fígúrur, fylltar, unnu með nokkrar tegundir af sporum og lærðu að festa tölur osvfr.. Fórum yfir textíl og endurnýtingu þar sem við breyttum notuðum flíkum veltum fyrir okkur áhrifum sem iðnaðurinn er að hafa og hvað við getum gert til að hafa áhrif.

6.bekkur

Nemendur í 6 bekk. Lærðu á saumavél, þræðingar bæði á spólu og svo vélina sjálfa, saumuðu mism spor og fengu útskýringu með tilgangi þeirra og útskýringar á helstu áhöldum greinarinnar og mikilvægi þess að tileinka sér vönduð vinnubrögð. Saumuðu poka eða tösku úr þrívíð þar sem þau tóku upp sniðin sjálf, bættu við saumförum og tóku yfir í efni. Saumuðu síðan eftir uppskrift og skreyttu ef áhugi var til

staðar. Handsaumuðu litlar fígúrir og lærðu að meðhöndla nál, mism gerðir spora og festa tölur... Einnig var í boði að gera krossaums verkefni sem sumir nýttu sér einnig þrjón og hekl. Fór yfir endurnýtingu á textíl og unnum með notaðar flíkur og breyttum yfir í nýjar. Fórum í vesturafl þar sem við fengum kynningu á því hvað verður um fötin og út frá því veitt ég þeim innsýn inn í textíliðnaðinn og hvaðvið gætum gert betur.

7.bekkur

Nemendur í 7 bekk. Lærðu á saumavél, þræðingar bæði á spólu og svo vélina sjálfa, saumuðu mism spor og fengu útskýringu með tilgangi þeirra og útskýringar á helstu áhöldum greinarinnar og mikilvægi þess að tileinka sér vönduð vinnubrögð. Saumuðu poka eða tösku úr þrívíð þar sem þau tóku upp sniðin sjálf, bættu við saumförum og tóku yfir í efni. Saumuðu síðan eftir uppskrift og skreyttu ef áhugi var til staðar. Handsaumuðu litlar fígúrir og lærðu að meðhöndla nál, mism gerðir spora og festa tölur... Einnig var í boði að gera krossaums verkefni sem sumir nýttu sér einnig þrjón og hekl. Fór yfir endurnýtingu á textíl og unnum með notaðar flíkur og breyttum yfir í nýjar. Fórum í vesturafl þar sem við fengum kynningu á því hvað verður um fötin og út frá því veitt ég þeim innsýn inn í textíliðnaðinn og hvaðvið gætum gert betur.

8.bekkur

Nemendur í 8 bekk. Lærðu á saumavél, þræðingar bæði á spólu og svo vélina sjálfa, saumuðu mism spor og fengu útskýringu með tilgangi þeirra. Saumuðu poka eða tösku úr þrívíð þar sem þau tóku upp sniðin sjálf, bættu við saumförum og tóku yfir í efni. Saumuðu síðan eftir uppskrift og skreyttu ef áhugi var til staðar. . Fór yfir endurnýtingu á textíl og unnum með notaðar flíkur og breyttum yfir í nýjar. Fórum í vesturafl þar sem við fengum kynningu á því hvað verður um fötin og út frá því veitt ég þeim innsýn inn í textíliðnaðinn og hvaðvið gætum gert betur.

Samantekt: Ég fór yfir með öllum árgöngum mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfi okkar og stofunni. Allir gengu frá eftir sig og skildu við stofuna eins og þau komu að henni ef allt var á hvolfi eftir tímann þá reyndi ég að koma þeim í skilning um að við værum öll saman sem eitt í að ganga frá og þyrftum þá að vinna sem heild. Frá 4 bekk og uppúr var unnið með vélarnar og alltaf skilið við þær óþræddar með hlífina á. Gekk mjög vel að kenna þeim á þræðingar og takmarkið er að aðeins fjórði bekkur þurfi kennslu á þær í upphafi annar þó svo að upprifjanir muni eiga sér stað. Fór með öllum árgöngum yfir umhverfismál og mun skerpa á þeirri baráttu með ýmsum verkefnum á komandi árum.

Myndmennt

1.-4. bekkur

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Leirað og byggð úr endurnýttu efni. Unnið með pappamassa. Áhersla lögð á sjálfbærni, sjálfstæði, sköpun, hegðun og frágang. Nokkur verkefni yfir veturinn og aukið frelsi eftir því sem á leið á vetri. Stiklað á mjög stóru í listasögu.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

6.-8. bekkur

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Leirað og byggð verk úr endurnýttu efni (skúlptúr). Þrívíddarpennar nýttir. Nokkur verkefni yfir veturinn og aukið frelsi eftir því sem á leið á vetri. Grunnur í listasögu með áherslu á Popplíst, abstrakt og þrívídd - skúlptúr. Litafræði og formfræði. Áhersla lögð á sjálfbærni, sjálfstæði, sköpun, framkomu og frágang.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Valfag á unglíngastígi í myndmennt

Ýmiskonar myndverk teiknuð og máluð með og án fyrirmynda. Leirað og byggð verk úr endurnýttu efni og pappamassa (skúlpúr). Þrívíddarpennar nýttir. Gegnumgangandi verkefni – Veggmynd á gangi skólans. Lítafræði og formfræði. Áhersla lögð á sjálfbærni, sjálfstæði, sköpun, framkomu og frágang. Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin ásamt frágangi.

Solveig E. Söebeck Vilhjálmsdóttir

Dans

1. bekkur

Kennari: Sigurrós Eva riðþjófsdóttir

Í vetur voru 45 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt í 3 bekki sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspor í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, tvo latin dansa, línudans, leik-og tískudansa. Nemendur lærðu að hlusta á takt í tónlist. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjállega við mismunand tónlist, þjálfist samstarfi og samvinnu. Nemendur fengu lokaeinkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs.

2. bekkur

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Í vetur voru 38 nemendur í 2. Bekk, sem skiptust í 2. bekki sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Rifjaðir voru upp dansar, hald og almennar dans reglur. Hlustun á tónlist, nemendur lærðu hvaða tónlist er notuð við mismunandi dansa. Nemendum lærðu að tengjasaman dansspor svo úr því væri dans, nemendur lærðu samkvæmisdans, línudansi og tískudansi og farið var í Just dans. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjállega í takt við mismunandi tónlist ásamt samskiptum og samvinnu. Nemendur fengu lokaeinkunn í formi bókstafs.

3. bekkur

Kennari: Sigurrós Eva riðþjófsdóttir

Í vetur voru 41 nemandi í 3. Bekk, sem skiptist í 2. bekki. Þau voru einu sinni í viku allt skólaárið. Nemendur lærðu grunnsporið í samkvæmisdansinum latin og ballroom. Nemendur fóru líka í Just dans, og Fortnite dansa ásamt you tub kennslu myndbönd, nemendur sköpuðu sinn eigin dans. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjállega við mismunandi tónlist og kynnist hvernig er hægt að nýta sér mismunandi hreyfingar og stíla í sköpun. Einnig var lögð áhersla á að nemendur komi fram við hvort annað af virðingu. Nemendur fengu lokaeinkunn í formi bókstafs

4. bekkur

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

vetur voru 46 nemendur voru í 4. Bekk, sem skiptist í 3. bekki. Nemendurnir voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansana frá fyrra skólaári og haldið áfram að bæta við sporum. Að auki lærðu nemendur hip hop dans og að nýta sér netið (You tube) við kennslu í dansi og að sækja sér hugmyndir af netinu. Áhersla var lögð á sköpun og nemendum var skipt upp í hópa sem unnu saman að sköpun. Nemendur lærðu gömlu dansana ásamt tísku dönsum, línudansi. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjállega við mismunandi tónlist, gætu sett saman stutta dansa og kæmu fram við hvort annað af virðingu.

10. bekkur

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Nemendur í 10. bekk fengu 10 tíma upprifjun og kennslu í gömlu dönsunum. Foreldrum 10. bekkjar stóð til boða örnámskeið til að rifja upp og læra gömlu dansana. Námskeiðið endaði svo með Þorablóti þar sem nemendur dönsuðu við hvort annað og sína gesti.

Dans sem valáfangi (8.–10. bekkur)

Kennari: Salka Gústafsdóttir Á skólaárinu 2024–2025 var dans kenndur sem valáfangi fyrir 13 nemendur í 8.–10. bekk. Námið fól í sér fjölbreytta nálgun á dans, þar sem nemendur kynntust og æfðu mismunandi dansgreinar. Markmiðið var að efla líkamsvitund, sköpunargáfu og samvinnu í gegnum dans.

Það voru þrjár aðal lotur á árinu og þá var lagt áhersla á þrjár danstegundir;

Magadans: Nemendur lærðu grunnatriði magadans, þar á meðal líkamsbeitingu, sveigjanleika og flæði hreyfinga.

Ballet: Áhersla var lögð á stöðu, jafnvægi og styrk, auk þess sem nemendur kynntust klassískum balletæfingum.

Hip hop: Nemendur æfðu grunnskref og stíl í hip hop, með áherslu á takt og sjálfstjórn.

Nemendur unnu í mismunandi hópum og með fjölbreyttum aðferðum við að semja eigin dansverk. Þessi vinna stuðlaði að aukinni sköpunargáfu, samvinnu og sjálfstæðri hugsun. Einnig fóru nokkrir tímar í að horfa á og greina úrval af dansmyndböndum. Nemendur ræddu hvað var vel gert í hverju verki og hvernig þeir gætu bætt eigin framkomu og tækni. Nemendur sýndu framfarir í líkamsvitund, samhæfingu og sjálfstrausti. Þeir þróuðu eigin stíl og lærðu af hvort öðru. Námsmat byggðist á ástundun, virkni og framkomu. Nemendur fengu endurgjöf á eigin frammistöðu og þátttöku í hópavinnu. Valáfanginn í dans skilaði jákvæðum árangri og stuðlaði að aukinni áhuga nemenda á líkamsrækt og listum. Mikilvægt er að halda áfram að bjóða upp á fjölbreytt dansnám til að efla skapandi og líkamlega þætti í námi.

Ýmsar valgreinar

Tæknilegó

Kennari: Jón Hálfaldán Pétursson

Tæknilegó var kennt í hræringi fyrir 5.-7. bekk og var skipt á fjögur tímabil yfir skólaárið. Að jafnaði 10-12 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil.

Aðalviðfangsefnin voru:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun
- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfast nemendur í samvinnu
- smíði á vélmenni úr tölvustýrðu Lego
- að forrita vélmenni

Tækniráð

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Í tækniráði voru 30 nemendur sem skiptist í tvo hópa, 14 í áttunda bekk og 16 í níunda til tíunda. Nauðsynlegt er að hafa ekki fleiri en 12 í hóp. Nemendur fengu eina kennslustund í viku hvor hópur allt skólaárið. Verkefnin voru mismunandi, þau lærðu að gera upp snúrur, þrifa ljós, hengja, tengja og stilla ljós, við byrjum að nota nýtt ljósaborð og það tók sinn tíma að læra á það og það eru en þá eftir að læra á alla þá möguleika sem það hefur. Farið var í hvað þarf að hafa í huga þegar lýstar eru leiksýningar annars vegar og böll hins vegar. Þau lærðu að tengja saman hátalara og bassabox við mixer. Okkur var gefið nýtt hljóðkerfi sem við erum að taka í notkun og eigum eftir að læra á alla þá möguleika sem það gefur. Í tækniráði fer fram mikil jafningjafræðsla. Tækniráð sá um 6. böll í vetur, árshátíð, litlu jólin, leiksýningu lýsingu og hljóð á þorablóti ásamt öðrum uppákomum í sal skólans sem þarfnast tækni vinnu, einnig fengum við fyrirlestur um lýsingu og kennslu á ljósaborðið nýja frá Friðþjófi Þorsteinssyni

og í sambandi við hljóð frá Bergsteini Snæ Bjarkasyni Varðandi tækjabúnað. Það sem er næst að endurnýja í tæknimálum er Dimmer boxið sem hangir upp á vegg inni í búri ljósinn fara í gegnum það og það hefur bara einn útgang fyrir ledd og það er takmarkað hvað það ber mikið magn af rafmagni, en ledd er að koma meira inn og hitt að detta út.

Stuttmyndir

Kennt allt skólaárið

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Boðið var uppá stuttmyndir fyrir og eftir áramót.

Nemendum voru kynntar ýmsar frásagnaraðferðir og margvísleg tæknileg atriði sem gott var að hafa í huga við stuttmyndagerð. Notast var við efni af netinu þar sem fjölgargar hliðar stuttmyndagerðar voru kynntar. Horft var á valdar verðlaunastuttmyndir eftir íslenska grunnskólanemendur. Nemendur höfðu talsvert frjálsrcæði við gerð stuttmynda en áhersla var þó lögð á að einhver saga væri sögð á 4 – 5 mínútum.

Framtíðin í kvikmyndum

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Við skoðum framtíðina eins og hún kemur fram í kvikmyndum (bæði gömlum og nýjum). Hvernig leit framtíðin út í kvikmyndum sem gerðar voru fyrir 80 árum? Hvernig lítur framtíðin út í nýlegum bíómyndum?

Seinni heimstyrjöldin

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Nemendur kynnist fjölbreyttu myndefni sem tengist seinni heimsstyrjöldinni, bæði bíómyndum og heimildarmyndum. Horft verður á valið myndefni, það rætt og verkefni unnin.

Topp tíu - hættulegustu

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Hvaða dýr eru hættulegust? Hvaða fjöll eru hættulegust eða hvaða vegir? Hver eru hættulegustu vötnin eða fljótin. Fleira er hægt að tína til eftir áhuga nemenda.

Skák

Kennt allt skólaárið.

Kennari: Guðlaugur Valdimarsson.

Nemendur fengu frjálssar hendur og tefldu, bæði voru notuð hefðbundin skákborð ásamt tölvuforrit. Þegar þurfa þótti var kennari með innlegg.

Lestur og hlustun

Kennari: Jóhanna Ása Einarsdóttir

Lestur og hlustun var kennt í hræringi fyrir 5.-7.bekk og var skipt á tvö tímabil yfir skólaárið. Að jafnaði 10-12 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil.

Aðalviðfangsefni voru:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á lestri sem afþreyingu
- að þjálfast í hlustun
- að kynna þeim fyrir mismunandi bókmenntum

Fab Lab

Fab Lab var kennt í hræringi fyrir 5.-7.bekk. Nemendur lærðu á forritið Inkscape til þess að geta vínillskorið límmiða með leiserskera. Einnig var þeim kennt á þrívíddarforritin TinkerCad og Cura til þess að þrívíddarprenta verkefni og eigin hönnun. Nemendur sýndu mikið frumkvæði og voru fljót að

tileinka sér góð vinnubrögð. Nemendur sýndu nýsköpun áhuga og margir æfðu sig í að hanna eigin verk hvort sem var í tví-eða þrívídd.

Nemendur voru 43 alls.

Grafísk hönnun

Grafísk hönnun var kennd í hræringi fyrir 5.-7.bekk. Nemendur lærðu áhrif lita og forma og hvernig uppsetning verka hefur áhrif. Farið var í tilgang grafískrar hönnunar í samfélaginu og í fyrirtækjum og aðeins skoðað hvað markaður er og hvernig lógó virka á hann. Skoðuð voru fræg lógó og um þau rætt. Nemendur gerðu eitt stórt verkefni, -lógó sem lýsti þeim sjálfum. Hvaða litir þeir væru, hvaða form og hvers vegna. Hvernig þau myndu þekkjast sem merki.

Nemendur voru 33 alls

Fagteymi kennara

Íslenskuteymi

Teymið skipuðu: Auður Yngvadóttir, Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Magnúsína Laufey Harðardóttir, María Lárusdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir. Bergþóra Sveinsdóttir fram að áramótum og Guðrún Ósk Ásmundsdóttir tók við eftir áramót.

Fundað var sex sinnum í vetur (á þriðjudögum).

Verkefni teymisins voru:

- Dagur íslenskrar tungu
- Stóra upplestrarkeppnin (7. bekkur)
- Rætt um að taka upp Aston index stafsetningarprófið í 2. – 7. bekk.
- Spurningakeppnin Ég veit! var haldin í annað sinn, í samráði við Rannveigu á bókasafni.
- Að benda yngsta stigs kennurum á að skoða lestrarkort á læsisvefnum
- Fengum aðgang að heimasíðunni snara.is fyrir nemendur og kennara skólans
- Ræddum um að stofna hugmyndabanka til að setja inn á lestrarvísi skólans fyrir þá nemendur sem ná ekki lágmarksmarkmiðum MMS í lesfimi, en ákveðið var að benda kennurum frekar á verkefnabanka á vefsíðum verkefnisins
- Að auglýsa eftir hugmyndum frá kennurum á mið- og unglíngastigi um hvað væri hægt að gera til að efla lestur í skólanum, fengum engin viðbrögð við því
- Fyrir dag íslenskrar tungu var auglýst eftir hugmyndum af verkefnum í tengslum við daginn og fengust ýmsar fjölbreyttar hugmyndir sem kennarar nýttu sér í þeirri viku
- Rætt um verkefnið orðatvenna mánaðarins, sem kemur frá Hólabrekkuskóla. Ákveðið var að taka prufukeyrslu í apríl og maí og taka svo stöðuna hjá kennurum varðandi það hvort það verði ekki áframhald næsta vetur.
- Að bókalisti var settur saman fyrir Ég veit! haustið 2025

Stóra upplestrarkeppnin var sett í dansstofunni þann 14. nóvember á Degi íslenskrar tungu af skólastjóra. Teymið sá um að útvega dómara í bekkjarkeppnina og prenta út blöð fyrir dómara. Bekkjarkeppnin var haldin 6. febrúar og dómara voru: Rannveig Halldórsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir. Skólakeppnin var haldin 13. febrúar, Guðbjörg Halla Magnadóttir skólastjóri var kynnr. Herdís Hubner, Rannveig Halldórsdóttir og Kristín Svanhildur Ólafsdóttir voru dómara fyrir hönd skólans. Lokakeppnin fór fram í Hömrum á Ísafirði þann 6.mars, kynnr var Hafdís Gunnarsdóttir og dómara voru Eiríkur Örn Norddahl, Heiðrún Tryggvadóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir, Ólafur Guðsteinn Kristjánsson og Tinna Ólafsdóttir. Penninn Eymundsson gaf bók fyrir 1.-3 sæti og Landsbankinn gaf peningagjöf fyrir þrjú efstu sætin. Fjáröflunarnefnd 10.bekkjara sá um veitingar á lokakeppninni.

Spurningakeppnin Ég veit! heppnaðist mjög vel og var almenn ánægja með hana á meðal nemenda. Það er byrjað að leggja drög að næstu keppni sem verður í haust. Í verðlaun er farandbikarinn VITINN, í ár var einnig bókaþjóf frá Pennanum Eymundsson til sigurliðsins.

Fagstjóri íslensku yfirfor gátlista fyrir lokakeppni Stóru upplestrarkeppinnar.

Auður Yngvadóttir, Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Magnúsína Laufey Harðardóttir, María Lárusdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir. Bergþóra Sveinsdóttir fram að áramótum og Guðrún Ósk Ásmundsdóttir tók við eftir áramót.

Árshátíð og þemadagar

Þemadagar

- Nefndin hittist 10. september, sjá fundargerð.
- 17. september voru hugmyndir kynntar á deildarfundum.
- 8. október fundaði nefndin með list- og verkgreinakennurum. Útfærslur á verkefnum þemadaga voru ræddar.
- 26. október var farið yfir skipulag, eldri skipulag voru m.a. skoðuð.
- 28. október, skipulag hópa á stöðvum og skjal fyrir hópaskiptingu búið til.
- fundur með Höllu 30. október um tímasetningar bekkja í mötuneyti.
- 5. nóvember, fínússuðum allt skipulag, prentuðum út merkingar á stofur.

Almenn ánægja var með þemadagana og skipulag þeirra. Nemendum var blandað saman þvert á árganga. Eldri nemendur voru mjög duglegir að leiðbeina yngri nemendum. Afrakstur nemenda var hengdur upp á göngum skólans og þótti það skemmtilegt. Foreldrum var boðið að hlusta á söng og skoða afrakstur nemenda 8. nóvember.

Athugasemdir voru gerðar við lengd frímínútna og matartíma. Skipulagið bauð ekki upp á að allir hópar gætu verið á öllum stöðvum. Stöðvar voru misvel mannaðar af starfsfólki skólans vegna veikinda og forfalla. Það var ekki hugsað út í gæslumál í frímínútum og mat. Það var ekki hugsað fyrir nestistímum, þ.e. hvort eldri nemendur ættu að borða með þeim yngri. - Gott að hafa skýran ramma fyrir nestistíma.

Árshátíð

Í byrjun mars var gert skipulag fyrir árshátíð.

- Skipulags- og skráningarblöð voru hengd á súlu í kennarastofu.
- Farið var yfir skipulag
- Munir í kjallara skoðaðaðir
- Farið var yfir snyrti- og hárvörur og útbúinn innkaupalisti.

Skipað var förðunarteymi sem hélt utan um förðunarmál. Förðum fór fram í heimilisfræðistofu. Nauðsynlegt er að hafa förðunarteymi. Pantaðir voru pallar sem voru settir upp í salnum sem framlenging á sviði 15. mars. Ljós og hljóð var að mestu tilbúið þegar æfingar byrjuðu í sal. Handritin voru tilbúin snemma sem var mjög jákvætt og auðveldaði tæknifólki vinnu. Æfingar gengu vel og sýningar gengu mjög vel. Salurinn var skorðaður af með borðum úr matsal og tjöldum og einnig var birgt fyrir glugga. Skreytingar á salnum og fyrir framan hann voru mjög flottar. Gestabók var hengd á vegg og gerði hún mikla lukku. Við fyrstu árshátíðarsýningu myndaðist löng röð. Þá hefði verið gott að hafa tvo posa eða hafa sérstakt svæði þar sem greitt er með peningum. Á næsta skólaári skal hafa í huga að kenna nemendum betur á tala í míkrafóna og ekki berja í þá.

Sjálfbærni

Teymið var skipað eftirfarandi starfsfólki: Guðlaug Jónsdóttir, Íris Ösp Heiðrúnardóttir, Kjartan Ágúst Pálsson, Solveig Edda Vilhjálmsdóttir, Jón Heimir Hreinsson, Sóley Veturliðadóttir.

- Pappírsgerð. Ákveðið að hittast mánudaginn 14. október og leggja notaðan pappír í bleyti í smíðastofunni. Daginn eftir verður „grauturinn“ tekinn og lagður til og búinn til pappír. Farið yfir verkferlið.
- Sýning á verkum nemenda í 6. bekk. Stefnt að því að setja hana upp í lok nóvember eða í byrjun desember.
- Vettvangsferð nemenda í hræringi – sjálfbærni í Netagerðina þriðjudaginn 15. október. Kjartan klæðskeri og Íris listakona ætla að koma með og sýna nemendum ýmislegt sem varðar sjálfbærni, endurvinnslu/endurnýtingu og hvernig listin tvinnast saman við þessi atriði.
- Sýning 6. bekinga á verkum þeirra úr smíðum, textílmennit og myndmennt var opnuð mánudaginn 25. nóvember. Nemendur í heimilisfræðihópi bökuðu smákökur og buðu foreldrum upp á þær með kakói og rjóma. Foreldrar fjölmenntu, afar vel heppnað allt saman.
- Moltugerð í heimilisfræði. Lítil jarðgerðarvél var keypt í vor fyrir heimilisfræðina en hún tekur við öllum lífrænum úrgangi frá báðum stofum. Gengur vel með tækið og frábært að kenna nemendum allt um þessa hringrás, en moltan sem verður til er notuð í ræktun.
- Kjartan hefur komið að máli við stjórnendur í sambandi við kaup á textíltætara, vonandi verður hægt að verða við þeirri beiðni.
- Íris vill fara í aukið samstarf við Netagerðina. Slíkt samstarf er í raun hafið því nemendur í sjálfbærnavali hjá Diddu fóru með henni og Kjartani í heimsókn í Netagerðina þar sem Íris tók á móti hópnum. Einnig fór Íris með nemendur í keramikvali í Netagerðina en þar hefur hún aðstöðu til að brenna leirinn.
- Kjartan og Solveig hafa undanfarna daga unnið með nemendum skólans að því að útbúa jólaskreytingar í gluggana á skólanum. Solveig myndir úr sellófan sem eiga að nýtast áfram næstu jólin og Kjartan kúlur sem krakkarnir munu síðan taka með sér heim fyrir jól.
- Kjartan sagði frá verkefni, sem hann í félagi við umsjónarkennara í 5. bekk, eru að vinna að. Verkefnið snýst um sjálfbærni – um textíl og þau gríðarlega stóru vandamál sem fylgja þeim iðnaði í nútímanum. Á þemadögum unnu nemendur bútasaumsteppi úr óskilamunum en teppið er grunnur verkefnisins. Nemendur munu vinna fjölbreytt verkefni þar sem hægt verður að samþætta textílfagið, lífsleikni, ensku, upplýsingamennt, samfélagsfræði og jafnvel fleiri fög. Fara á vandlega í að fræða nemendur um hraðtýskuna og skelfileg áhrif hennar – nánari útlistun á verkefninu mun koma síðar.
- Sláandi staðreyndir:
- Árið 2024 var um 10.000.000 tonna af textíl hent. Um 60-70 % af honum var fatnaður sem var 6 mánaða eða yngri. Um 15% af textílum var brenndur en aðeins um 15% endurunnið á einhvern hátt!
- Kjartan er kominn í samstarf við Fab Lab á Ísafirði en til stendur að smíða vél sem hægt yrði að nota til þess að kurla niður ónothæfan textíl. Hann var einmitt að leiðinni á fund vegna málsins!
- Rætt var um moltugerðina í heimilisfræðinni en nú með hækkandi sól fara að skapast tækifæri til þess að nota moltuna við ræktunina. Didda ætlar að reyna að afla sér upplýsinga um það hversu mikilli moltu sé óhætt að blanda saman við gróðurmold til þess að sem bestur árangur náist. Spurning hvort þurfi að fá mælingu á styrkleika moltunnar??
- Rætt var vítt og breytt um list- og verkgreinarnar og hvernig þær (og námskráin) eru að fylgja tíðarandanum. T.d. hefur það að þússa skó, silfur og kopar hopað fyrir öðrum verkefnum í

heimilisfræðinni. Í dag eru fáir sem sauma sér flíkur í raunheimum. Er kannski tímaskekkja að kenna fatasaum? Jón Heimir tók sem dæmi í smíðinni að hann langaði til þess að koma upp vegg þar sem nemendur gætu borað, spasað og málað – hengt upp myndir og gardínur, lært eitthvað sem þeir nota í raunveruleikanum.

- Kjartan og Solveig sögðu frá mjög áhugaverða mynd sem heitir The Shopping Conspiracy og fjallar á afar áhrifamikinn hátt um neytsluhyggju nútímans. Kjartan hefur sýnt nemendum sínum hluta af myndinni. Í framhaldinu var rætt um að gott væri að fara í það að finna fjölbreytt og fræðandi efni sem varðar sjálfbærni og jafnvel að flokka það niður þannig að það geti hæft aldri og þroska nemenda. Til stendur að kanna hvað hver árgangur er að gera nú þegar í bekkjarstofum með öðrum kennurum.
- Í fyrra hóf Hildur Dagbjört vinnu við að útbúa fræðsluefni um sjálfbærni en til stóð að hún myndi fá alla árganga í skólanum til sín í Gróanda í vor. Við höfum verið að reyna að fá upplýsingar um hvað sé að fréttu af þessu verkefni en enn sem komið er höfum við ekkert heyrt. Didda mun fara í það að ýta á stjórnendur með að fá svör.
- Tekin var stutt umræða um einhvers konar fræðslu/sýningu þar sem yfirskriftin yrði Sjálfbærni og sköpun. List- og verkgreinakennarar myndu gjarnan vilja hafa koma að slíku verkefni. Kannski mætti hugsa sér þemadaga með þessari yfirskrift....?

Byrjendalæsissteymi

Teymið skipar: Helga E. Aðalsteinsdóttir Byrjendalæsisleiðtogi, Ástrún Jakobsdóttir, Inga Fanney Petersen, Kristín Berglind Oddsdóttir, Marzena Glodkowska og Kristín Svanhildur Ólafsdóttir

- Fundur 10. september 2024 kl. 14:00 Allir teymismeðlimir mættir. Efni fundar: Helga kynnti BL síðu MSHA fyrir teyminu og hún skoðuð. Síðan var farið yfir þrepin þrjú og helstu grunnatrið BL rifjuð upp. Helga kynnti líka hlutverk sitt sem leiðtogi.
- Stöðvavinna. Horft var á tvo sprettismiðjufyrilestra frá MSHA um stöðvavinnu. Í fyrra innlegginu fór Anna Sigrún Rafnsdóttir yfir kosti þess að nýta stöðvavinnu í kennslu. Í seinna innlegginu fór Anna Sigrún Rafnsdóttir yfir hagnýt atriði varðandi stöðvavinnu. Eftir fyrirlestrana voru umræður um efni þeirra.
- Vinnusmiðja frá MSHA kl. 14:30-16:00 Jenný Gunnbjörnsdóttir, sérfræðingur hjá MSHA var með fyrstu vinnustofuna í vetur. Á þessari vinnustofu fjallaði Jenný fjalla um áherslur Byrjendalæsis varðandi endurinnlögn og vinnu með samband stafs og hljóðs.
- Fræðslufundur frá MSAH Uppbyggingarverkefni á þriðja þrepi með áherslu á skapandi skil. Áherslan var einkum á skapandi skil nemenda þar sem þeir útfæra afurð verkefnisins og hafa val um nokkrar leiðir. Skoðuð voru verkefni eins og bókagerð, plaköt, bookcreator, hugarkort, toontastic, og krossglímur svo eitthvað sé nefnt.
- Fyrirlestur frá MSHA: Einstaklingsparfir, mat, skráning og endurgjöf. Skriftarkennsla. Góðar umræður sköpuðust í lok fyrirlestrarins. Einnig var farið yfir það hvernig hægt er að nýta nýju Hue bókvarpanna í BL.
- Lesfimi fyrirlestur frá MSHA. Í framhaldi af efni fundarins urðu umræður um stöðu og þjónustu tvítyngdra nemenda í skólanum og hvernig við þjónustum þau. Okkur finnst vanta betri þjónustu við þau og hugmyndir um að hafa íslensku námskeið í lok dags fyrir þessa krakka til koma þeim betur að stað inn í samfélagið.
- Gera upp starf vetrarins og ræða framtíð Byrjendalæsis í skólanum. Niðurstaða var að fyrirkomulag á fundunum í vetur hefur mælst vel fyrir, gott er að fá faglega fræðslufundi og geta svo rætt saman um efni hans og velt upp spurningum og deilt reynslu. Huga þarf að því

hvort og hvernig við viljum vinna með Byrjendalæsi í skólanum. Er kostnaður áskrift af Byrjendalæsisvefnum réttlætanlegur eða getum við nýtt peninginn betur. Þar sem 1. bekkjar kennarar voru ekki á fundinum náðum við ekki að taka afstöðu til áskriftarinnar en munum ræða það betur á deildarfundi þar sem fleiri kennarar á yngsta stigi geta tjáð sig um það.

Leiðsagnarnámsteymi

Teymið skipuðu: Arna Sæmundsdóttir, Axel Sveinsson (fram að áramótum), Árný Herbertsdóttir, Kristbjörg Sigurðardóttir og Krístrún Gylfadóttir.

Við hittumst á fimm fundum og vorum aðallega að skoða Leiðsagnarnámsbókina um endurgjöf. Hún er öðruvísi sett upp en sú gamla en heilmikið að græða á þeirri nýju. Við ræddum um fyrirmyndarverkefni og að huga vel að markmiðum og leiðum að þeim. Hafa skýrt í kennslu til hvers er ætlað. Rætt var um hvernig halda ætti áfram með leiðsagnarteymi. Skólinn er leiðsagnarnámsskóli og við viljum styðja við bakið á kennurum og halda aðferðum leiðsagnarnáms á lofti.

Tillaga að framhaldinu væri að kennarar skoði kennsluna sína með sjálfsmati sem er í Leiðsagnarnámsbókinni hennar Nönnu Christiansen. Farið yrði yfir hvern kafla eða atriði og síðan væri einn fundur á mánuði þar sem kennarar ræddu þessi atriði sín á milli og myndu lausnir til hvatningar til að nota leiðir leiðsagnarnáms.

Innra matsteymi

Teymið skipar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Inga Bára Þórðardóttir, Salka Gústafsdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

Farið yfir umbótaáætlun 2024-2025. Ákveðið að fara betur yfir þá þætti sem ekki komu nógu vel út í þeim græðagreinum sem voru teknir fyrir.

Starfsmannafundur í janúar mun fara yfir þessa gæðagreina og koma með tillögur að lausnum. Farið yfir þær úrbætur sem farið var yfir í á starfsmannafundi í janúar. Gerð samantekt og ákveðið að fara í þrjá gæðagreina í febrúar. Helstu atriði sem þarf að fara í voru rædd og verða útfærð á næstu vikum og mánuðum. Farið yfir „Viðmið um innra mat skóla“ og hvernig við eigum að klára veturinn með það að leiðarljósi.

Rýnihópur, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri unglíngastígs, deildarstjóri stoðþjónustu, yfirmaður skólaskrifstofu. Fer yfir skóladagatalið, tekur niður hvað er gert samkvæmt því, farið yfir hvað hefur verið gert aukalega og hefur það verið gert.

Taka skóladagatal og skoða hvað er gert til að hafa nemendur með í skólastarfi, allt annað talið upp og hvað gerum við auka með nemendum og starfsfólki, líkamleg, andleg heilsa, nám.

Starfsmannaviðtöl, endurmenntun, listi yfir námskeið sem kennarar og annað starfsfólk hefur sótt, td. Árný að bjóða uppá námskeið vegna ofbeldi barna, Sólveig að bjóða upp á námskeið vegna farsældar barna. Halla og Guðný með uppbyggingarnámskeið fyrir nýja starfsmann, Utís online. Fjórir starfsmenn á Bett.

Stærðfræðiteymi

Teymið skipuðu: Jón Hálfán Pétursson, Sigþór Snorrason, Jón Ólafur Eiríksson, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir og Berglind Árnadóttir.

Stærðfræðigeymsla var tekin í gegn, þ.e tekið til og endurraðað. Gömlu dóti hent sem teymið taldi að ekki hefði verið notað í mörg ár.

Hópa- og þemaverkefni á öllum stigum - kynning og skrásetja.

Stærðfræðiteymi var með kynningu fyrir kennara 28.janúar. Þar var farið yfir hvað væri til og hvar verkefni og námsefni væru staðsett inni á sameign. Einnig var lagt fyrir kennara einfalt stærðfræðiverkefni í útikennslu. Skoðuð var samfella í kennslu á öllum stigum út frá námsefni og námsþáttum. Skoðuð skjöl sem eru mögulega á sameign um námsþætti á hverju stigi.

Ýmsar skýrslur

Bókasafn Grunnskólans á Ísafirði

Starfsemi bókasafnsins veturinn 2024-2025 var með hefðbundnu sniði. Safnkosturinn er allur skráður í tölvukerfið Gegni. Útlán bóka fer einnig í gegnum þetta kerfi. Nýja Gegnistölvukerfið Alma hefur nú verið í notkun í þrjú ár og komin ágætis reynsla á notkun þess. Bókasafnsfræðingur og bókaforður fóru á tvö fjarnámskeið í jan. 2025, vegna breytinga á viðmóti í Ölm.

Á haustin og vorin eru ákveðnir álagstímar á bókasafninu, þegar afgreiðsla og skil bóka/námsbóka stendur yfir. Allar námsbækur og gögn frá Menntamálastofnun koma á bókasafnið til frágangs og undirbúnings fyrir notkun. Nemendur og kennarar fá aðstoð við skólabækur á haustin og vorin, að útvega bækurnar og skila síðan á rétta staði. Námsbókageymslur skólans eru á okkar ábyrgð. Við tökum þar til, röðum og fjarlægjum ónýtar bækur. Starfsmenn skólasafnsins sjá um talningu á námsbókum á hverju vori. Skil á lestrarbókum af skólabókasafninu mættu vera betri og eru alltaf þónokkrar bækur sem þarf að afskrifa, vegna þess að þær skila sér ekki frá nemendum.

Heimilda- og verkefnavinna, í tölvum, fer fram á bókasafni og er það gert í samstarfi við kennara í hverri grein eða árgangi fyrir sig.

Það var allskonar um að vera á bókasafninu í vetur:

- Í október vorum við með Skelfilegan bókaklúbb (Skúli skelfir)
- Í nóvember voru það uppáhaldsbækur 10. bekkjar
- Í nóvember og desember kom Didda og las upp úr nýju bókinni sinni, Baukað og brallað í Skollavík.
- Í desember var lestrarátak. Safna jólakúlum á jólatré sem teiknað var á gluggann.
- Í janúar voru drauga- og tröllabækur í kósíhorni
- Í febrúar var vinapema í kósíhorni
- Frá febrúar og til skólaloka vorum við með bókaklúbb tengdan bókunum um Binnu B Bjarna og Jónsa
- Frá febrúar og til skólaloka vorum við einnig með Lestrarbingó

Í vetur reyndum við einnig sérstaklega að stilla upp bókum til að vekja áhuga unglinga á lestri. Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið við Bæjarbókasafnið. Töluvert er um að starfsfólk skólabókasafns fái bækur í millisafnaláni fyrir kennara og er það ómetanlegur stuðningur við skólabókasafnið. Einnig erum við að lána gögn á Bæjarbókasafnið, Menntaskólann, aðra grunnskóla í Ísafjarðarbæ og í Grunnskólann í Bolungarvík.

Skólasafnið er mikið nýtt vegna forfalla verkgreinakennara og hefur starfið í vetur einkennst mikið af því. Hráerings- og hringekjuhópar í 4.-7. bekk hafa verið hér í 211 kennslustundir samtals, sem er nokkuð meira en veturinn 2023-2024.

Bókagjafir hafa verið nokkrar frá hinum ýmsu velunnurum skólabókasafnsins í bæjarfélaginu. Það er gott að vita af því að fólk hugsar hlýtt til okkar, þegar við þurfum á því að halda. Í vetur hrinti foreldrafélag GÍ átaki af stað í samstarfi við Eymundsson um að gefa skólabókasafninu bækur. Eymundsson veitti 20% afslátt af þeim bókum sem keyptar voru. Bókasafnsfræðingur sér um innkaup og skráningu á bókum á safninu. Bókaforður sér um plöstun og viðgerðir á bókum.

Önnur störf eru unnin í sameiningu.

Aðföng:

Veturinn 2024-2025 voru keyptir eða gefnir titlar alls 293. Þar af voru gefnir titlar og titlar fyrir úthlutunarkvóta frá Menntamálastofnun 54. Þannig að þeir titlar sem skólasafnið keypti fyrir eigið fjármagn voru 239. Afskrifaðir titlar 196 (átak var gert í að hreinsa út úreltar og ónotaðar bækur)

(Inni í þessum tölum eru; skáldsögur og fræðibækur)

Opnunartími:

Safnið er opið mánudaga-föstudaga frá kl. 8-14,

Starfsfólk í vetur:

Jónsís Sigurrós Einarasdóttir bókavörður (frá apríl-júní)

Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur

Sæbjörg Freyja Gísladóttir bókavörður (frá september-apríl)

Skólaráð

Skólaráð var stofnað við GÍ í október 2009. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skóla-samfélags um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir í tvö ár í senn, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og skólastjóri. Ráðið fundaði fjórum sinnum sinnum yfir veturinn. Helstu verkefni voru að fara yfir skólanámskrá, starfsáætlun, skóladagatal, rekstraráætlun og skipulag næsta árs. Einnig voru kynnt fyrir ráðinu önnur verkefni í skólanum og úrræðalisti GÍ.

Samstarf Grunnskólans á Ísafirði og leikskólans Tanga

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna er í nokkuð föstum skorðum. Nemendur í verðandi 1. bekk komu í þrjár heimsóknir að vori. Í fyrstu heimsókninni skoðuðu þeir skólann með leikskólakennurunum sínum og stjórnendum GÍ. Í annarri heimsókninni fóru þeir í kennslustund með 1. bekk og í síðustu heimsókninni komu þeir í vorskóla þar sem þeir hittu verðandi kennarana sína og voru með þeim í ýmsum verkefnum í um það bil eina kennslustund. Nemendur 7. bekkjar og verðandi 1. bekkjar áttu svo skemmtilegan dag saman í lok skólaársins. Verðandi 1. bekkur, nemendur á Tanga leikskóla, hafa borðað hádegismat í mótuneyti grunnskólans á skólaárinu og eru því farin að þekkja það umhverfi og venjast því að koma inn í bygginguna. Heppnaðist það fyrirkomulag nokkuð vel. Undir lok skólaársins var svo haldinn skilafundur þar sem aðilar leikskólans skiluðu upplýsingum varðandi nemendur og gengi þeirra til grunnskólans.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og eiga meðal annars að vera tækifæri til að bæta tengsl starfsmanns og yfirmanns. Tilgangur með starfsmannasamtölum er einnig að gefa stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða starfið, að starfsmaður verði betur búinn undir að takast á við framtíðarverkefni, að huga að þroska starfsmanns og þróun viðfangsefna hans til lengri tíma og síðast en ekki síst til að meta þörf á fræðslu. Allir starfsmenn skólans eiga rétt á slíku viðtali og geta óskað eftir að koma í viðtal til ákveðins stjórnanda að öðru leyti skipta stjórnendur með sér verkum. Á þessu skólaári fóru viðtölin fram í mars og apríl og skiptu stjórnendur skólans viðtölunum á milli sín, ásamt því að sviðstjóri skóla- og tólmstundasvið og mannauðsstjóri tóku nokkur viðtöl.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tólmstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk, svo sem þjónustu skólasálfræðinga og talmeinafræðings. Túlkþjónusta er keypt af ýmsum aðilum og einnig þarf stundum að kaupa þjónustu iðnaðarmanna vegna ýmissa smáverkefna.

Skrifstofa Grunnskólans á Ísafirði

Ritari á skrifstofu skólans er einn, Ólöf Anna Benediktsdóttir, í 100 % starfi. Skrifstofa ritara er opin alla daga frá 7:45 til 15:45, nema á föstudögum til 14:00. Helstu verkefni á skrifstofunni hafa verið símsvörun, móttaka og upplýsingagjöf bæði til nemenda, foreldra, samstarfsmanna og gesta. Ritari skráir forföll nemenda og sér um skráningar í mótuneyti skólans. Einnig sér ritari um skjalavörslu

samkvæmt persónuverndarlögum. Ritari hefur einnig umsjón með skrifstofuvörum skólans, s.s. ritföngum og pappír sem og innkaupum á þeim sem, einnig sér hann um innkaup á ritföngum nemenda og eftir atvikum önnur verkefni frá stjórnendum skólans

Samvinna og tengsl við aðila utan skólans

Grunnskólinn á Ísafirði hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila utan skólans. Þeir voru helstir í vetur:

Blómaval: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Búaðstoð ehf: Atvinnutengt nám á unglíngastigi.

Bæjarbókasafnið: Bekkir fóru í heimsókn yfir allan veturinn og fóru á jólasýningu?. Nemendur kynntu sér sumarlestur bókasafnsins og skráðu sig mörg til leiks.

Byggðasafnið: Nemendur í menningarläsi og sköpun heimsóttu safnið að hausti.

Dægradvöl: Nemendur í 1.-3. bekk geta sótt dægradvölinu eftir að skóla lýkur. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með rekstrinum.

Edinborgarhúsið: List fyrir alla, Orri óstöðvandi

FabLab: Kennsla fer fram í valgreinum á miðstigi.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf: Er eigandi alls húsnæðis og sér um viðhald og endurnýjun á því.

Ferðapjónusta fatlaðra: Sér um akstur fyrir fatlaða nemendur skólans, í sjúkrahjálfun á skólatíma.

Festa sjúkrahjálfun: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Félagsmiðstöðin Djúpið: Er rekin af íþrótt- og tómstundanefnd bæjarins. Félagsmiðstöðin er opin nemendum unglíngastigs þrjú kvöld í viku. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina, t.d. Samfés söngvakeppnin, 1. des hátíðin og ýmislegt annað félagsstarf nemenda. Nemendaráð skólans starfar í tengslum við félagsmiðstöðina og skipuleggur starf hennar í samstarfi við forstöðumann.

Fisherman: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Foreldrafélag G.Í.: Sér um ýmsa viðburði fyrir nemendur.

Golfklúbbur Ísafjarðar: tók á móti 7. bekk og kenndi þeim undirstöðuatriðin í golfi í maí.

Gróandi: Nemendur grunnskólans tóku við nýju námsefni frá Gróanda og gróðusettu einnig plöntur í landi Gróanda. Plöntur sem höfðu verið gróðursettar og vökvaðar í gluggastofum skólastofa.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar: Samstarf milli grunnskóla í Ísafjarðarbæ er með ýmsum hætti. Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk skólanna hafa verið haldin. Skólastjórnendur funda um það bil einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra skóla-og tómstundasviðs.

Hampiðjan: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Háskóli Íslands - menntavísindasvið: Skólinn tekur árlega á móti kennaranemum í æfingakennslu.

Háskólinn á Akureyri: Samstarf vegna byrjendalæsis og kennaranema.

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar: Heilsugæsla skólans er á vegum heilbrigðisstofnunar og er hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi við skólann alla daga vikunnar. Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Hólar í Dýrafirði: tóku á móti 3. bekk í sveitaferð.

Hótel Ísafjörður: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

HSV: Samstarfsaðili vegna frístundar – íþróttaskólinn.

Húsið: Tók á móti nemendum úr 10. bekkjar í starfskynningu.

Icelandair/Isavia: Tóku á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Ísafjarðarkirkja: Kirkjan hefur tekið á móti þeim bekkjum (árgöngum) sem þess óska og kynnt fyrir þeim starfið í kirkjunni. Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu. Skólaslit Gí fara einnig ávallt fram í kirkjunni. Yngsta sig fór á sýninguna Lítil saga úr orgelhúsi.

Íslandsbanki: Tók á móti nemendum í 10. bekk og fræddi þá um fjármál.

Íslandssaga á Suðureyri: 1. bekkur fór í heimsókn til Suðureyrar og skoðaði Íslandsögu, Klofning og Litla Klofning.

Kerecis: Tók á móti 8. bekk í heimsókn og tók við nemendum úr 10. bekk í starfskynningu

Kiwanis klúbburinn á Ísafirði: Færir 1. bekkjum reiðhjólahlálma. Veitir viðurkenningar fyrir framfarir í 8. – 10. bekk á skólaslitum.

Krullan: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Kvenfélagið Hvöt: Veitir nemendum í 10. bekk viðurkenningar fyrir verk- og listgreinar.

Listaskóli Rögnvaldar: Nám við skólann fæst metið sem val á unglingastigi.

Litla netagerðin: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Lögreglustöðin: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Melrakkasetrið í Súðavík: Tóku á móti 2. bekk og 9. bekk að vori

Menntaskólinn á Ísafirði: Mí býður 10. bekkjum í námskynningu.

Mjólka (Orkubú Vestfjarða): Tók á móti 8. bekk að vori og kynnti starfsemi sína.

Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík: 2. og 5. bekkur hafa farið mörg undanfarin ár í safnið og unnið verkefni.

Orkubú Vestfjarða: Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í Mjósund og nemendur í 6. bekk fóru í heimsókn í Mjósund á vordögum. Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Penninn: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Rauði kross Íslands: bauð nemendum 10. bekkjar upp á námskeið í skyndihjálp.

Rótarýklúbbur Vestfjarða: Veitir nemendum í 8.-10. bekk viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafseyri: Tekur á móti 8. bekk á hverju ári.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fluttu nemendur og fararstjóra á Hesteyri vegna haustferðar 10. bekkjar.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar: Gott samstarf er á milli skíðasvæðisins og skólans vegna skíðaferða nemenda.

Skotípróttafélag Ísafjarðarbæjar: Nemendur í 8.-10. bekk fengu kynningu á leikjadegi að vori.

Skógræktarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 6. bekk hafa gróðursett plöntur í vorferð og sett niður um 150 plöntur frá Yrkjusjóði.

Skólabúðirnar að Reykjum Hrutafirði: Nemendur í 7. bekk hafa farið í mörg undanfarin haust í skólabúðirnar.

Skóla- og tómstundasvið: Hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Skóladeild veitir eftirfarandi sérfræðipjónustu; einstaklingspjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Sérkennsluráðgjöf og aðstoð við áætlanagerð. Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar: Slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekkinga og eru með eldvarnafræðslu. Samstarf vegna rýmingaræfinga og starfskynninga. Sér um eldvarnareftirlit í skólanum. 4. bekkur fékk að fara með á rúntinn á slökkvibílnum.

Snjóflóðasetrið á Ísafirði: Nemendur í útivist á unglíngastigi fengu heimsókn frá starfsmanni snjófljóðasetursins sem fræddi þau um snjóflóð og leyfði þeim að æfa sig í notkun snjóflóðayla.

Sólborg: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Stöðin heilsurækt: Gáfu viðurkenningu fyrir tvo nemendur 10. bekkjar á skólaslitum.

Tangi (fimm ára deild frá Sólborg): Grunnskólinn og leikskólinn hafa með sér samstarf sem miðar að því að viðhalda góðum tengslum og samvinnu á milli skólastiganna. Leikskólabörnum er boðið í skólaheimsóknir. Leikskólabörnin komu einnig í hádegismat í mótuneyti skólans alla daga skólaársins, frá 11:40-12:00 og gekk það fyrirkomulag vel.

Tónlistarskóli Ísafjarðar: Nemendur á unglíngastigi geta fengið nám við Tí metið sem val við skólann. Grunnskólinn fær mjög oft aðgang að Hömrum, sal tónlistarskólans. Dagur íslenskrar tungu er haldinn þar sem allir nemendur koma saman í hópum. Lokakeppni stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk er

haldinn í Hömrum. Upplestrarhátíð 4. bekkjar fór fram í Hömrum. Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

VáVest: Stýrihópur um vímuefnaforvarnir. Skipulagði sjálfstyrkingarfræðslu frá foreldrahúsi fyrir 5. og 8. bekk (Elísabet Lorange).

Vestfirskir Verktakar: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.

Vestfirskar ævintýraferðir: Sjá um áætlunarakstur og skólaakstur, ásamt akstri í ýmsar ferðir á vegum skólans.

Vesturafli: Tók á móti nemendum úr 10. bekk í starfskynningu.